

# Alltof margir einmana

30% fjölgun sjálfsvígssímtala

13. DESEMBER 2019 / 50. TBL. 109. ÁRG. / VERÐ 995 KR.


## Líkamsárás á jólum „Þetta er ekkert líf“



# ÍDV



# ÉG ELSKAÐI HANN OF MIKIÐ



■ Nýtt líf Haffa Haff ■ Skipti út fíkninni fyrir Jesú Krist

## Ekkja Geira á Goldfinger gerir upp fortíðina

Draumaprinsinn dó



MILLJÓLA LEIKURINN 28 MILLJÓNA

VINNUR ÞÚ Í MILLJÓLALAIKNUM?

NÁNAR Á LOTTO.IS

vikings lotto

DRÖGUM 28. DES.

### EKKI GEFA GLATAÐAR JÓLAGJAFIR





## Fleyg orð

„Segðu mér og ég gleymi,  
kennðu mér og kannski  
man ég,  
leyfðu mér að taka þátt og  
ég læri.“

– Benjamin Franklin

## Á þessum degi, 13. desember




1294 – Selestínus 5. sagði af sér páfaembættinu.



1929 – Stórleikarinn Christopher Plummer fæddist.



1937 – Japanski herinn hertók Nanjing.



1996 – Kofi Annan var kjörinn aðalritari Sameinuðu þjóðanna.



2003 – Saddam Hussein fannst í felum í byrgi nálægt Tikrit í Írak.

# „Við finnum fyrir því að margir séu einmana“

■ Aukið álag í óveðrinu  
■ 30 prósentu fjölgun á símtölum frá fólki með sjálfsvígshugsanir

Auður Ösp Guðmundsdóttir  
audur@dv.is



Desember og jólin eru erfiður tími fyrir marga sem finna fyrir einmanaleika, söknuði og fjárhagserfiðleikum. Þá er gott að geta hringt og talað við einhvern í nafnleysi og trúnaði og tökum við vel á móti öllum,“ segir Sandra Björk Birgisdóttir, verkefnastjóri Hjálparsíma Rauða krossins, í samtali við DV.

Jólin eru fjölskylduhátíð og finna því margir sterkar fyrir einsemd. Í samtali við RÚV á seinasta ári sagði Hilmar Kjartansson bráðalæknir að töluvert væri um að einmana fólk leitaði á bráðamóttökuna yfir hátíðarnar.

„Þetta er eitthvað sem við sjáum oft, þá kemur fólk inn og talar við okkur og tjáir okkur sína vanlíðan. Þetta er fólk þá með kvíða eða jafnvel með sjálfsvígshugsanir eða hefur íhugað að taka ofskammt lyfja og þá er betra að það komi til okkar til að vinna af hlutunum heldur en að það fari í óefni.“

Þá sagði Kristín Hjálmtýsdóttir, framkvæmdastjóri Rauða krossins: „Fólk er dapurt, það er eitt heima hjá sér, hefur ekki tengsl við neina í fjölskyldunni eða getur ekki talað um sína líðan. Fjölskyldur standa nokkuð þétt saman. En það eru margir sem standa fyrir utan þétt fjölskyldunet og vini. Viðhorfið hefur kannski verið að þeir sem eru einmana

hafi bara ekki drifið sig út og haft samband við einhvern, en það er ekki svo einfalt.“

### Standa vaktina allan ársins hring

Hjálparsími og netspjall Rauða krossins tekur á móti fleiri en 14 þúsund símtölum á ári en undanfarin ár hefur desember verið mikill álagstími. Sandra Björk segist sjá fram á að álagið verði með svipuðu móti og síðastliðin ár á Hjálparsímanum.

„Við finnum fyrir því að margir séu einmana, ekki bara um jólin heldur allan ársins hring. Jólin eru þó kannski sérstaklega erfiður tími því flest hugsum við um jólin sem samverustund með fjölskyldu og vinum. Um jól og áramót standa sjálfbodaliðar vaktina á Hjálparsíma Rauða krossins og spjalla við þá sem eru einmana eða líður illa og þurfa að tala við einhvern í trúnaði. Þessi desembermánuður hefur í raun ekki verið neitt frábrugðinn öðrum desembermánuðum árin á undan. Við fundum þó fyrir auknu álagi þann tíma sem óveðrið gekk yfir landið í vikunni. Mörgum leið illa og voru hræddir og kvíðnir yfir þessu.“

Hjálparsími Rauða krossins, 1717, er opinn allan sólarhringinn, alla daga ársins. Um 100 þjálfaðir og reynslumiklir sjálfbodaliðar svara þeim símtölum og netspjalli sem Hjálparsímanum berst.

„Hlutverk okkar er að vera til staðar fyrir alla þá sem þurfa að ræða sín mál í trúnaði og

„Algengast er að fólk hafi samband vegna þunglyndis, kvíða, einmanaleika og sjálfsvígshugsana.“

einlægni við hlutlausan aðila. Við tökum á öllum vandamálum fólks og okkar mottó er að ekkert vandamál sé of stórt eða of lítið fyrir Hjálparsímann. Algengast er að fólk hafi samband vegna þunglyndis, kvíða, einmanaleika og sjálfsvígshugsana,“ segir Sandra Björk jafnframt.

„Við höfum orðið vör við mikla fjölgun á sjálfsvígssímtölum á þessu ári og nemur fjölgunin um 30 prósentum frá síðasta ári. Það þarf þó ekki að þýða að fleiri séu í sjálfsvígshugleiðingum en áður, heldur að það séu fleiri að leita sér aðstoðar og þora að tala um það þegar þeim líður illa.“ ■

## 5 Íslendingar sem hafa verið ofsóttir af eltihrellum

### Björk

Maður að nafni Ricardo Lopez varð hugfanginn af tónlistarkonunni Björk og lét hana ekki í friði árið 1996. Lopez reyndi að senda Björk bréfasprengju en breska lögreglan náði að stöðva hann í tæka tíð. Tilfelli Bjarkar þótti með því versta sem þekktist, en eltihrellirinn framdi sjálfsvíg skömmu eftir að hann náðist.



### Malín Brand

Fjölmíðlakonan Malín Brand tjáði sig um eltihrella í Fréttatímanum árið 2011. Malín var stödd með hópi íslenskra og tyrkneskra blaðamanna í tengslum við umsóknir landanna að ESB. Einn þeirra sem var í forsvari fyrir tyrkneska hópinn tilkynnti henni að Guð vildi að hún yrði konan hans. Í kjölfarið réðst maðurinn á hana og var Malín marin á kjálka, handleggjum og fótleggjum. Hún var flutt á annað hotel í kjölfarið.



### Eivör

Söngkonan Eivör Pálsdóttir sótti um nálgunarbann á íslenskan mann sem átti að hafa elt hana í um þrjú ár. Málið gekk meira að segja svo langt að maðurinn flutti til Færeyja og tjaldaði í garðinum hjá henni í dagóðan tíma. Hermt er að maðurinn hafi sagt að umboðskona Eivorar væri eina fyrirstaðan í sambandi þeirra.



### Áslaug Arna

Þingkonan Áslaug Arna Sigurbjörnsdóttir var áreitt á netinu af bandarískum manni oft á dag í margar vikur. Maðurinn bjó til Youtube-myndband þar sem hann spurði margra persónulegra spurninga. Hann hringdi og sendi henni talskilaboð mörgum sinnum á dag. Þegar Áslaug reiddist skipti maðurinn skapi og fór að kalla hana ýmsum illum nöfnum.

### Halldór Laxness

Nóbelskáldið Halldór Laxness upplifði sinn skerf af áreitni aðdáenda sinna. Á ákveðnum tímamarki þurfti að hafa samband við allar leigubílastöðvar í Reykjavík og segja leigubílastjórum að aka vinsamlegast ekki ölvuðum mönnum upp að Gljúfrasteini, heimili skáldsins, ef þeir óskuðu eftir því.







**DRÖGUM  
28. DES.**



**viking  
lotto**

**EURO  
JACKPOT**

# VINNUR ÞÚ Í MILLJÓLALAIKNUM?

28 HEPPNIR SPILARAR VINNA HEILA MILLJÓN HVER 28. DESEMBER.

ÞÚ KAUPIR 10 RAÐIR EÐA MEIRA Í LOTTÓ, VIKINGLOTTÓ EÐA EUROJACKPOT TIL AÐ KOMAST Í POTTINN. MÖGULEIKARNIR AUKAST MEÐ ÁSKRIFT ÞVÍ ÞÁ FERÐU Í POTTINN Í HVERRI VIKU ÞANGAÐ TIL VIÐ DRÖGUM!

NÁNAR Á [LOTTO.IS](http://LOTTO.IS)





## Hver er hún



■ Hún er fædd 2. júlí árið 1969.

■ Hún hóf feril sinn í atvinnuleikhúsi 16 ára gömul hjá Leikfélagi Reykjavíkur.

■ Hún var með spjallþátt á laugardagskvöldum á undan Spaugstofunni á sínum tíma.

■ Hún hefur leikið í ýmsum þáttum og kvikmyndum.

■ Hún á fjögur börn og gegnir einnig störfum sem fjölmiðlakona.

SVAR: STEINUNN ÓLÍNA ÞORSTEINSDÓTTIR

## Það er staðreynd að...



Konur depla augunum næstum því tvisvar sinnum oftar en karlar.



Í grískri goðafræði heitir ástarguðinn Eros. Í rómverskri goðafræði heitir hann Amor.



Árið 1938 var Adolf Hitler valinn maður ársins af tímaritinu Time.



Að meðaltali gleypir manneskjan þrjár köngulær á ári.



Eldgýr eru með fjóra maga.

# ÓVINNUFÆR EFTIR LIKAMSARÁS Í 10-11

■ Ráðist á Pétur á jóluþingi ■ Skall í gangstéttina og missti meðvitund ■ Lepur dauðann úr skel

Auður Ösp Guðmundsdóttir  
audur@dv.is



**P**étur Orri Gíslason varð fyrir tilefnislausri líkamsárásum í miðborginni milli jóla og nýárs í fyrra. Hann hefur verið óvinnufær með öllu síðan. Ákæra á hendur árárarmanninum verður tekin fyrir í Héraðsdómi Reykjavíkur í dag, föstudaginn 13. desember.

### Átti sér einkis illis von

„Þetta var aðfaranótt 29. desember í fyrra. Ég var niðri í Austurstræti, og stóð í anddyrinu í verslun 10-11. Skyndilega gekk þessi maður bara upp að mér og sló mig,“ segir Pétur Orri.

„Hann kom framan að mér og sló mig á hliðina, á milli kjálkans og hálsins. Það voru enginn orðaskipti eða neitt. Ég átti mér einkis illis von, ég hrundi niður í jörðina og skall með höfuðið í gangstéttina,“ segir Pétur en hann þekkir árárarmanninn ekki neitt og lýsir honum sem „ungum íslenskum sterapúka.“ Nokkur vitni voru að árásinni. „Hann hefur sjálfsgagt verið á einhverju og það hefur eitthvað ruglast í höfðinu á honum,“ segir Pétur jafnframt.

Pétur missti meðvitund. Hann segist ekkert vita hvað gerðist eftir þetta. Hann var fluttur með sjúkrabíl á bráðamóttöku. „Það

næsta sem ég man eftir var að ég vaknaði á Borgarspítalanum 4. janúar og vissi ekkert hvað var í gangi. Mér var sagt að ég hefði gengist undir rannsóknir og að komið hefði í ljós að ég hafði fengið heilablæðingu.“

Ekkert líf Pétur er óvinnufær og hangir bara heima.

### Fastur heima við

Pétur hefur verið óvinnufær síðan. Hann ræður ekki við líkamlegt eða andlegt álag. Fyrir árásina var hann í fullri vinnu sem öryggisvörður hjá fyrirtæki á höfuðborgarsvæðinu. Hann var iðinn og hafði nóg fyrir stafni. Núna eru dagarnir hins vegar fábreytilegir hjá honum. Honum þykir sárt að geta ekki unnið, enda hafi hann fullan vilja til þess. „Ég hef ekkert fengið að vita hvenær ég má fara að vinna aftur. Þetta fylgir því að fá heilaskaða. Ég er bara fastur heima og get lítið gert, annað en að horfa á Netflix. Þetta er ekkert líf.“

Næsta skref Péturs er að sækja um örorkubætur, en það ferli tekur margar vikur. „Ég hef sjúkradagpeninga frá verkalýðsfélaginu og einhverjar bætur frá Sjúkraþryggingum.“

Skiljanlega hefur Pétur Orri ekki bara hlotið líkamlegan skaða af árásinni. Fjárhagslegur skaði

er ekki síðri. Strípaðar bætur frá Sjúkraþryggingum duga engan veginn fyrir framfærslu. Hann þarf að standa skil á húsaleigu og kaupa sér mat. Hann á líka litla dóttur sem býr hjá móður sinni og þarf því að standa skil á meðlagsgreiðslum.

„Ég er bara mjög blankur núna. Ég hef ekki getað staðið skil á leigu í tvo mánuði, og ég skulda meðlag fyrir allt þetta ár. Ég er að vísu heppinn að því leyti að ég er með mjög skilningsríkan leigusala. Ég er mjög þakklátur fyrir það,“ segir Pétur en í órvaungu sinni sendi hann út neyðarkall á Facebook nú á dögunum. Biðlaði hann þar til fólks um hjálp við að draga fram lífið.

„Það kostar sitt að vera veikur og nú er staðan sú að ég á ekki krónu með gati og þarf að standa skil á leigu og reikningum auk þess að versla í matinn. Það er mér erfitt að gera þetta en ef þið getið styrkt mig um einhverja upphæð þá yrði ég óendanlega þakklátur. Þetta er ofboðslega erfitt fyrir mig að gera en ég get ekki annað. Margt smátt gerir eitt stórt,“ ritaði Pétur en í samtali við blaðamann segir hann það hafa verið gríðarlega erfitt að leita á náðir fólks á samfélagsmiðlum. „Þetta er voðalega erfitt: að þurfa að opinbera sig svona berskjaldaðan og leita til annarra eftir aðstoð.“



Þetta er ekkert líf

### Finnur ekki fyrir reiði

Sem fyrr segir þá hefur Pétur Orri lagt fram kærú á hendur manningnum sem réðst á hann og verður málið tekið fyrir í Héraðsdómi Reykjavíkur í dag. Árásarmaðurinn hefur játað verknaðinn og vonast Pétur til þess að það muni ýta undir að hann fái greiddar miskabætur. Skaðinn er augljós. Hann segist þrátt fyrir allt ekki vera reiður.

„Maður hefur þurft að sýna mikið æðruleysi, svo sannarlega. Þetta er verkefni sem maður þarf að ganga í gegnum. Það er bara þannig.“ ■

Beir sem vilja styðja við bakkið á Pétri Orra er bent á meðfylgjandi söfnunarreikning.

Rnr: 0323-26-090184.

Kt. 090184-2969

# Eggjastormur í vatnsglasi

## Svarthöfði

**S**varthöfði elskar nútímataeki. Samfélags- og fréttamiðlar tryggja að upplýsingarnar eru alltaf í rassvasa okkar sem eigum snjallsíma og því þarf enginn að missa af neinu. Ágæti tækninnar sannarði sig ágætlega í vikunni sem leið þar sem skapaðist mógæsingur út af slæmri veðurspá. Svarthöfði elskar mógæsing en hatar mógsefjun. Vikan sem leið olli sko ekki vonbrigðum.

Mikið illviðri gekk yfir landið á þriðjudag og aðeins fram á miðvikudaginn. Ekki var fréttáflutningur af yfirvofandi stormi til þess fallinn að róa taugapaninn landann. Fyrirtæki lokuðu dyrum sínum langt fyrir auglýstan lokunartíma. Skólar þrúbáðu foreldra að sækja börn í skólann laust eftir hádegi og koma þeim í öruggt skjól áður en ósköpin dyndu yfir. Landsbyggðin fór verst út úr illviðrinu og er talið að stormurinn hafi valdið milljarða tjóni. Hins vegar kættist

Svarthöfði mikið þegar hann sá sveitta höfuðborgarbúa flykkjast í matvöruverslanir upp úr hádegi þar sem þeir birgðu sig upp af matvöru líkt og heimsendir væri í nánd. Götur borgarinnar voru mannláusar um þrjú leytið og margur maður stóð, vafinn inn í öryggisteppi, við glugga heimilis síns og beið þess sem verða yrði. Svo kom þessi líka væga gjóla. Svarthöfði stóð úti á svölum hjá sér og virti fyrir sér tómar göturnar og ekki laust við að það hlakkaði í honum. Ef þetta var ekki bókstaflega stormur í vatnsglasi þá er Svarthöfði líklega ekki að skilja það orðatiltæki rétt. Og já já já, það var svaka vont veður úti á landi og á hálendinu og það fuku þök og kindur hlutu kalda og vota greftrun í snjó. En enginn getur sagt Svarthöfða að hann hefði ekki verið öruggur hefði hann hætt sér í Krónuferð um sjö leytið á þriðjudaginn. Hann hefði varla þurft að skafa bílinn.

Annað dæmi í vikunni um gleðigjafann nútímataeknina var þegar einhver áhrifavaldafrekja



snöggreiddist eftir að hafa lesið helgarblað DV. Líklega fyrsti Íslendingurinn sem hefur haft einverra harma að hefna á DV. Hann ákvað að beita tækninni til að hefna sín. Á örskömmum tíma höfðu gamlir og nýir nágrannar ritstjóra DV fengið að finna fyrir reiði samfélagsmiðla eftir að æstur múgur fylgjenda áhrifavaldsins marsaraði í hefndarhug þangað sem þeir töldu ritstjóra DV búa. Lifi byltingin, með eggjum skal manninginn aga. Ekki fór þó betur en svo að múgurinn fór í tvígang húsavillt, enda hvarflaði

svo sem ekki að neinum þeirra að fleiri gætu átt sama heimilisfang og ritstjórninn.

Svarthöfði ætlar sér að fylgja þessari taktík eftir. Hann er ósáttur við nýjustu stjórnustríðsmyndirnar og ætlar því að kasta Kindereggjum í Smárabíó. Síðan ætlar hann að gera einhvern usla og reita áhrifavalda til reiði. Svarthöfði hefur nefnilega lengi eldað grátt silfur við nágranna sína og veitir þeim ekki af smá eggjakasti, svona til að kenna þeim lexíu. ■



# Er jeppinn tilbúinn í jólafríið?



Veldu öruggt **TUDOR** start fyrir jeppann í vetur

## Jólatilboð!

Hleðslutæki



20%  
Afsláttur

Gasskynjari  
með rafhlöðu



15 ára ending



Gasskynjari m/ rafhlöðu og öll hleðslutæki  
með 20% afslætti fram að jólum

 **SKORRI**  
SÉRFRÆÐINGAR Í RAFGEYMUM

Skorri ehf • Bíldshöfði 12 • 110 Rvk • 577-1515 • [www.skorri.is](http://www.skorri.is)



# BARNABÖRNIN BJÖRGUÐU LÍFI SISSU

## ■ Örlagaríkur dagur í lífi Sissu ■ Ljóst að lífið yrði aldrei samt

Auður Ösp Guðmundsdóttir  
audur@dv.is



**H**inn 19. september árið 2006 var örlagaríkur dagur í lífi Sólveigar Sigurðardóttur. Hún fékk skyndilega heilablæðingu og lamaðist í kjölfarið á vinstri hlið líkamans. Lífið umturnaðist en Sólveig og fjölskylda vonast nú til að hún geti gengist undir lækni meðferð í Bandaríkjunum.

### Kipt út úr lífinu

Sissa hafði mánuðina á undan gengið á milli lækna vegna þráláts höfuðverkjar en ávallt fengið þá greiningu að um væri að ræða vöðvabólgu eða mígreni. „Ég var heima að þrifa heita pottinn hjá mér þegar ég hneig niður og missti meðvitund,“ segir Sissa en það reyndist henni til happs að barnabörn hennar tvö voru hjá henni þegar þetta gerðist og hringdu í föður sinn. Segist Sissa eiga þeim lífið að þakka.

Sissu var kipt út úr lífinu í september 2006.

Sissa var flutt á Landspítalann þar sem henni var haldið sofandi í nokkra daga. Hún hafði fengið stórt heilablóðfall. Þegar hún vaknaði var ljóst að líf hennar yrði aldrei eins og áður.

Á þessari örlagaríku stund var henni kipt út úr öllum daglegum venjum lífsins. Sissa lamaðist á vinstri hlið og hefur síðan þá þurft að læra lífa upp á nýtt. Við tók löng og ströng endurhæfing inni á Grensás og seinna meir Reykjalundi og margar heimsóknir til sjúkrahjálfa enn þann dag í dag.

Hún var algjörlega lömuð á vinstri hlið líkamans og hafði auk þess misst sjónina á vinstra auga. „Þarna var mér algjörlega kipt út úr öllu, öllu daglegu lífi. Ég gat ekki gengið eða notað vinstri hendina og ég gat ekki keyrt, því það blæddi yfir sjónsviðið.“

Fyrir heilablóðfallið var Sissa í fullu starfi, sótti nám og sinni fjölskyldunni. Það var því mikil

breyting, og töluvert áfall, að verða skyndilega háð öðrum með dagleg störf.

„Ég man að ég lá á Grensásdeildinni og sá hjólastól við hliðina á rúminu mínu. Ég horfði upp í loftið og hugsaði bara: Hvernig á ég eiginlega að lífa svona?“

Sissa getur í dag ekki gengið nema með stuðningi, enda er jafnvægið algjörlega farið. Þá er hún, sem fyrr segir blind, á vinstra auga. Hún nýtur liðveislu við heimilisstörf. „Það versta er að geta ekki gengið, að geta ekki verið sjálfstæð. Að geta ekki farið neitt ein, eða gert neitt ein.“

Sissa er rík af börnum og barnabörnum

### Ný von

Í október síðastliðnum ræddi DV við parið Eydísi Hlíðar og Herbert Heiðarsson en Herbert er lamaður eftir heilablæðingu og er nú á leið í meðferð hjá INR (Institute of Neurological Recovery) í Flórída.

Meðferðin gengur út á að lyfi er sprautað inn í mænu göngin og látið renna með blóðrásinni upp í heila. Það mun draga verulega eða alveg úr bólgum í heilanum og taugavefjum.

Meðferðin hefur gefið afar góða raun erlendis og var meðal annars fjallað ítarlega um árangur meðferðarinnar í bandaríska fréttaskýringaþættinum 60 minutes.

Afkomendur Sissu hafa nú hrundið af stað söfnun fyrir hana og eru ákveðnir í að koma henni út í meðferðina. Fjölskyldan hefur fengið að vita að kostnaður við meðferðina er í kringum 2,5 milljónir, og er þá innifalið flug, gisting og uppihald fyrir Sissu og eina fylgdarmanneskju.

„Við höfum verið í sambandi við INR til þess að Sissa fái að komast út í meðferðina. Þessi meðferð er kostnaðarsöm en hefur sýnt góðar batahorfur og bindum við miklar vonir



við hana,“ segir Katla Rún Baldursdóttir, tengdadóttir Sissu. „Núna krossum við bara fingur.“

Sissa bindur allar vonir við að meðferðin vestanhafs skili árangri

„Ég er hreinlega að deyja, ég er svo spennnt,“ segir Sissa, en fáir möguleikar eru í boði hér á landi fyrir þá sem hafa fengið heilablæðingu. Sissa bindur því gríðarlega miklar vonir við meðferðina í Bandaríkjunum.

„Ég veit, að ef það er einhvers staðar lækning. Þá er það þarna. Maður reiknar ekki endilega með 100 prósent árangri. En bara ef



höndin kæmi aftur, það væri það stórkostlegt. Ef ég gæti bara farið að ganga aftur. Upplifa tilfinninguna við að taka barnabörnin mín í fangið. Það er allt sem ég bið um. Þá yrði ég alsæl.“ ■

*Þeir sem sjá sér fært að leggja Sissu lið er bent á eftirfarandi styrktarreiðing.*  
kt. 020761-4239  
0146-26-20207



Rekstrarumsjón

## LÁTIÐ OKKUR UM REKSTUR HÚSFÉLAGSINS

Við sérhæfum okkur í umsjón með rekstri húsfélaga og bjóðum trausta og faglega þjónustu á góðu verði

**Hafðu samband og fáðu tilboð strax í dag!**





ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ

# Gefðu upplifun og ævintýri



Gjafakort í Þjóðleikhúsið hentar öllum  
enda ávísun á upplifun og ævintýri.  
Úrval sýninga til að velja úr á hverju ári  
með gjafakorti sem rennur aldrei út.

Þú kaupir gjafakortið á [leikhusid.is](http://leikhusid.is)  
eða í síma **551 1200**

*Þjóðleikhúsið, leikhúsið þitt*





Suðurlandsbraut 14  
2. hæð

FRÉTTASKOT  
512 7070  
ABENDING@DV.IS

Útgáfufélag: Frijáls fjölmiðlun ehf. Stjórnarformaður: Sigurður G. Guðjónsson  
Framkvæmdastjóri: Karl Garðarsson Ritstjóri: Lilja Katrín Gunnarsdóttir  
Prentun: Torg prentfélag Dreifing: Póstdreifing

DV áskilur sér rétt til að birta adsent efni blaðsins á stafrænu formi og í gagnaböndum án endurgjalds. Öll viðtöl blaðsins eru hljóðrituð. Notkun á efni blaðsins er óheimil án samþykkis.

Aðalnúmer: 512 7000  
Auglýsingar: 512 7050  
Ritstjórn: 512 7010

## Sandkorn

### Steingrímur fer á taugum

Eitthvað er jólastressið að hafa áhrif á forseta Alþingis, Steingrím J. Sigfússon. Sérstaklega virðast þingmenn Pírata fara fyrir brjóstið á honum. Í vikunni hefur honum lent saman við Píratana **Helga Hrafn Gunnarsson**, **Halldóru Mogensen** og þingmenn Samfylkingarinnar, **Loga Einarsson** og **Helgu Völu Helgadóttur**. Halldóra Mogensen gekk jafnvel svo langt að saka Steingrím um að grípa viljandi fram í undir ræðum Pírata á þingi. Vísir greindi frá því í gær að samkvæmt heimildarmönnum sé það reyndar ekki jólastressið sem leikur Steingrím svona illa þessa dagana, heldur undirliggjandi vandi innan stjórnarsamstarfsins. Er þetta merki um enn eina ríkisstjórnina sem ekki nær að sitja heilt kjörtímabil? Við bíðum allavega spennu eftir nýju ári til að fá þeirri spurningu svarað.



### Ef Svanhildur verður útvarpsstjóri

Aðstoðarkona fjármálaráðherra, **Svanhildur Hólm Valsdóttir**, hefur sótt um stöðu útvarpsstjóra og hefur sú ákvörðun vakið mikla



athygli. Sem svar við ákvörðun stjórnar RÚV um að gefa ekki út lista um umsækjendur hefur hver umsækjandinn á eftir öðrum gengist við því opinberlega að hafa sótt um. Þeirra á meðal er Svanhildur. Hún hefur um árabíl verið aðstoðarmaður **Bjarna Benediktssonar** og er gallhörð Sjálfstæðiskona. Hljóti hún starfið er deginum ljósara að það mun vekja mikla athygli og óumflýjanlega spurninguna um hvort hún hafi fengið stöðuna sökum hæfis, eða tengsla. Er yfirhöfuð forsvaranlegt að ráða hana í starfið nú þegar spilling er jafn áberandi í þjóðfélagsumræðunni og hún hefur verið í kjölfar Samherjamálsins? Maður spyr sig.



# Aumingjasamfélagið

## Leiðari

Lilja Katrín Gunnarsdóttir  
lilja@dv.is



**S**tormur skellur á og árshátíð samfélagsmiðlagrínara hefst með pomp og prakt. Fólk keppist við að búa til skráttur. Fjölmiðlar taka saman myndnustu tístin. Allir hlæja. „Við erum að ala upp aumingja“, gasprar einhver þegar að loksins, loksins, borgarbúa hlýða fyrirætlum viðbragðsaðila út af veðurviðvörðunum. Börn sótt snemma, fyrirtækjum er lokað, göturnar eru mannláusar. Milljarðatjón út af þessum eina degi blasir við. Þá fjárhagslegt tjón. Með því að hlýða spornuðum við borgarbúar við tjóninu sem hefði getað orðið og ekki yrði metið til fjár. Sem betur fer.

Við borgarbúar erum heppnir.

Rafmagninu sló ekki út hjá okkur. Við komumst öll heim til okkar. Vissulega fuku einhverjar þakplötur hér og þar og stöku trampólín var á vergangi en yfir heildina litið sluppum við vel. Þó að sprengilægðin hefði verið meira eins og lítil ýla en ekki tugþúsunda flugeldakaka hér í höfuðborginni þá var ég allavega fegin að ég hlýddi. Maður veit nefnilega aldrei hvernig náttúran hagar sér og sagan sýnir að það er ómögulegt að tjónka við henni þegar hún skiptir skapi og þá ekki síst þegar um íslenskt veðurfar er að ræða.

Gaspur á samfélagsmiðlum um hvað við erum miklar mannleysur að láta svona í þessum andvara varð síðan í meira lagi hjákátlegt þegar borgarbúar litu upp af Netflix-þættinum og klárðu dreggjá sellerídjússins og

fylgdust aðeins með því sem var að gerast utan borgarmarka. Rafmagnsleysi, ekki í nokkrar mínútur heldur marga klukkutíma og svo dögum skipti. Fólk komst ekki heim til sín, þurfti að leita skjóls í hjálparmiðstöðvum. Fallnir rafmagnsstaurar. Bátar losnuðu frá bryggju. Kindur fennti inni í fjárhúsum. Nei, þetta er ekki prentvilla. Þær voru ekki fastar úti í gaddi og stormi. Þær festust inni og enginn gat komist til þeirra. Það er ekki flókið að leika mikið karlmenni og tala digurbarkalega um „smágjóstur“ í nokkuð góðu skjóli af Esju á sama tíma og fólk í öðrum landshlutum glímur við veðraham sem á sér vart hliðstæðu í seinni tíð.

Það sem setti þessar náttúruhamfarir síðan í enn skýrara, og ósegjanlega dapurlegra, samhengi var hjálpsami unglingspilturinn

sem er týndur. Hann féll í Núpá. Stormurinn varð þess valdandi að erfðilega gekk fyrir viðbragðsaðila að komast hratt og örugglega á staðinn til að hefja leit. Unglingspilturinn lagði líf sitt í hættu til að aðstoða bónda við að koma rafmagni aftur á.

Þannig að þetta er ekkert grín. Náttúran lætur ekki að sér hæða og lætur hressilega í sér heyra ef við reitum hana til reiði. Þótt megi gera grín að nánast öllu og öllum þá er þessi rígur, landsbyggðin gegn höfuðborginni, orðinn frekar þreyttur – sérstaklega þegar kemur að veðráttunni. Þetta snýst nefnilega ekki bara um veðrið, hve stór hluta af foknu þakplötunum við fáum til baka úr tryggingunum eða að maður sjái ekki í bílinn sinn fyrir snjó. Í þessu tilviki, og svo margoft áður, snýst þetta fyrst og fremst um alvöru fólk. Mannslíf. ■



MoReq2

Hagkvæmar lausnir með áherslu á rekjanleika, auðveldan aðgang og gagnsæi.




OneSystems bjóða heildarlausn í skjalamálum fyrirtækja og sveitarfélaga og þjónustu við viðskiptavinum og íbúa þeirra

1 SYSTEMS  
**one**<sup>®</sup>  
www.one.is

OneSystems - sími: 660 8551 | fax: 588 1057 | www.one.is | one@one.is







MARKBERG  
DENMARK







# Svona kolefnisjafnar þú jólin

Er það í raun og veru hægt og hvernig fer maður að því?

Erla Dóra  
erladora@dv.is



**U**mhverfismál hafa verið áberandi í deiglunni síðastliðið ár og mörgum orðið hugleikið að ná að minnka kolefnisspor sitt til að leggja sitt af mörkum í loftslagskrísunni sem nú ríkir á jörðinni. DV tók því saman nokkrar leiðir til að lágmarka kolefnisspor sitt yfir hátíðarnar sem senn ganga í garð.

## 1 Alvöru tré frekar en gervi

Þetta kemur kannski einhverjum á óvart en það er umhverfissvænna að festa kaup á alvöru grenitré, heldur en gervitré úr plasti. Til þess að kolefnisspor gervitrés verði minna en ekta trés þarf að nota sama gervitréð í um 5–10 ár. Til að lágmarka sporið enn frekar má gæta þess að grenitréð sé íslensk framleiðsla og helst frá stað sem er sem næstur þinni heimabyggð, því þannig fer minna af kolefni í að koma því á sölustað heldur en ef það væri innflutt eða flutt þvert yfir landið. Ekta jólatré eru sérstaklega ræktuð, eða tekin af ræktunarsvæði þar sem grisja þarf og því þarf ekki að gráta það að þau séu hoggin niður til að prýða heimili landsmanna um jólin, það er nefnilega umhverfissvænna en gervijólatré.

## 2 Gróðursetja tré

Á netinu er nú á fjölmörgum síðum, einkum erlendum, hægt að kosta til gróðursetningar trjáa til að kolefnisjafna lífsstíl sinn, til dæmis á síðunni kolvidur.is eða votlendi.is. Hins vegar er gallinn við þetta sá að tré gróa hægt í gegnum tíð og tíma. Það getur verið erfitt að treysta því að trén fái að standa óhreyfð þar til þau verða fullvaxta.

## 3 Gjafir

Alls konar plastdrasl, litlir hlutir sem gaman er að fá en notagildið kannski ekki mikið, allt þetta getur verið óþarfa eyðsla og óþarfa umhverfissóðaskapur á jölunum. Til að lágmarka kolefnisfótsporið er hægt

að skoða óþreifanlegar gjafir. Til dæmis að gefa til góðgerðamála í nafni gjafabega, gjafakort í upplifun eins og til dæmis út að borða, í leikhús, kvikmyndahús eða hreinlega tilkynnina að keypt hafi verið kolefnisjöfnun í formi gróðursettra trjáa. Ef áþreifanlegir hlutir verða fyrir valinu er hægt að taka meðvitaða ákvörðun um að velja hluti úr endurvinnanlegu efni.

Með því að kaupa jólagjafir á netinu sparast einnig útblástur farartækjanna sem annars hefðu ferjað þig til verslananna.

## 4 Pappír

Veldu gjafapappír sem er enduruninn, eða nýttu gamlar ónýtar bækur eða dagblöð til að pakka inn jólagjöfum. Notaðu snæri til að skreyta í staðinn fyrir plastborða og veldu þér jólakort sem eru úr endurunnum pappír. Eða slepptu því alfarið að skrifa jólakort og sendu rafræna jólakveðju. Einnig væri hægt að skrifa til dæmis: „Takk sömuleiðis“ á fengið jólakort og senda það síðan til baka.

Eftir að gjafirnar hafa verið teknar upp þá skaltu gæta þess að flokka sorpið. Sumir hafa vanið sig á að taka varfærnislega utan af jólagjöfum til að skemma ekki gjafapappírinn. Síðan er pappírinn brotinn saman og geymdur þar til hægt er að endurnýta hann næstu jól. Þetta er síður sem fleiri gætu tekið upp.

## 5 Rúnturinn

Jólin krefjast oft mikilla útréttinga. Það þarf að kaupa gjafir, kaupa pappír, kaupa mat, fara í jólaboð, heim úr jólaboðum, hingað og þangað, út og suður. Allt þetta bílasnatt er ekki gott fyrir umhverfið.

Til að lágmarka umhverfisáhrif bílferðanna má hafa eftirfarandi í huga; netverslun krefst þess ekki að menn mæti á staðinn til að versla; hægt er að nýta eina ferð til að gera margt ef skipulagið er gott; ekki velja háannatíma þar sem

útséð er að umferðin sé þung; kannski eru fleiri nærri þér sem þurfa að versla og þið getið samnýtt ferðina.

## 6 Maturinn

Mikil matarsóun fylgir gjarnan jölunum. Matur er eldaður í mikilli ofgnótt, svo mikilli að gestir ráða hreinlega ekki við að sporðrenna síðustu bitunum. Til að gera jólin umhverfissvænna er hægt að nýta alla afganga. Til dæmis má henda afgangi hamborgarhrygg og meðlæti í tartalettuskeljar. Þar með er veislumaturinn kominn í nýjan, bragðgóðan búning og minna um matarsóun. Þetta sama má auðvitað leika eftir með annan veislumat svo sem kalkún og hangikjöt. Einnig má senda gesti heim með afganga sem þeir geta svo sjálfir nýtt.

Græntmetisfæði er umhverfissvænna en kjötmeti svo upplagt er fyrir umhverfissinnaða að nýta jólin í að segja skilið við kjötmetið og taka upp grænkeru- eða grænmetisætlífsstíl.

## Getum við kolefnisjafnað jólin?

Þónokkrar rannsóknir hafa reynt að reikna út kolefnisfótspor jólaanna. Talið er að bara við það að elda hefðbundinn jólamat losni um 20 kíló af koldíoxíði út í andrúmsloftið. Jólalósun CO<sub>2</sub> á hvern Íslending gæti vel farið upp í 650 kíló. Það er rúmlega hálf tonn fyrir hvern og einn einsta Íslending! Hvað þyrfti að planta mörgum trjám til að kolefnisjafna þetta? Það fer eftir ýmsu. Tvö tonn af trjám geta kolefnisjafnað um sjö tonn af CO<sub>2</sub>. Fyrir 650 kíló þyrfti því rúmlega 200 kíló af tré. Um 200 kíló gætu verið eitt nokkuð stórt greinitré, eða nokkur minni. Hins vegar er vandinn hér að tré vaxa á löngum tíma. Tíma þar sem jólin koma og fara ár eftir ár og kolefnisspor okkar eykst. Getum við kolefnisjafnað jólin er þá spurningin? Svarið er já, en áhrif jöfnunarinnar munu ekki koma fram fyrr en að einhverjum tíma liðnum, tíma þar sem kolefnisspor okkar heldur áfram að setja mark sitt á heiminn. ■

Þekking í þína þágu

## Menntastoðir

Nám með minni viðveru en sömu gæðum

Menntastoðir er undirbúningur til áframhaldandi náms og miðar við Háskólabrú Keilis og frumgreinadeildir við Bifröst og H.R. Einnig má nýta einingar úr Menntastoðum inn í nám í framhaldsskóla s.s. grunn að iðnnámi.

Nýtt ár, ný tækifæri

Nánari upplýsingar veitir Áslaug Bára 412 5952 eða á [aslaug@mss.is](mailto:aslaug@mss.is)







# JÓLA DAGA TAL

## Í FJÖLSKYLDU- OG HÚSDÝRAGARÐINUM

Opið alla daga í desember frá kl. 10 til 17 og ókeypis inn virka daga.

Opið til kl. 20 miðvikudagana 11. og 18.des. Alla daga verður hægt að heimsækja jólaköttinn og skrifa kveðjur til dýranna sem lesnar verða fyrir þau á aðfangadagskvöld.

Sunnudagur	Mánudagur	Þriðjudagur	Miðvikudagur	Fimmtudagur	Föstudagur	Laugardagur
1.des 	2.des 	3.des 	4.des 	5.des 	6.des kl. 15:45 Dýrum í smádyrahúsi gefið, ítarleg fræðsla og kanínuklapp.	7.des kl. 13:00 Umhverfissvænni jólagjafapökun kl.14:30 Flautukór.
8.des kl. 13 - 16 Sauðfé rúð og unnið úr ullinni í fjárhúsinu.	9.des kl. 13 Skor- og skriðdýrum gefið og ítarleg fræðsla.	10.des kl. 15:30 Hreindýrum gefið og ítarleg fræðsla.	11.des kl. 18 Kvikmyndin Dalalíf sýnd í skálanum.	12.des kl. 14:45 Dýrum í smádyra-húsi gefið, ítarleg fræðsla og kanínuklapp.	13.des kl. 16:15 Hestum, sauð- og geitfé gefið og ítarleg fræðsla.	14.des kl. 13 Kynning á barnajóga í skálanum.
15.des kl. 12:30 Jólaball í móttökuhúsi og skála, jólasveinar og Skjóða.	16.des kl. 16:15 Hestum, sauð- og geitfé gefið og ítarleg fræðsla.	17.des kl. 13 Skor- og skriðdýrum gefið og ítarleg fræðsla.	18.des kl. 18 Jólastjörnustund með Sævari Helga Bragасыni.	19.des kl. 15:30 Hreindýrum gefið og ítarleg fræðsla.	20.des kl. 15:45 Dýrum í smádyra-húsi gefið, ítarleg fræðsla og kanínuklapp.	21.des kl. 13 Fuglafóðurgerð. Kynning í skálanum.
22.des Jólakósi út um allt!	23.des Dorláksmessa Hefabundin dagskrá	24.des Aðfangadagur * takmörkuð þjónusta	25.des Jóladagur * takmörkuð þjónusta	26.des Annar í jólum Hefabundin dagskrá	27.des Hefabundin dagskrá	28.des Hefabundin dagskrá
29.des Hefabundin dagskrá	30.des Hefabundin dagskrá	31.des Gamlársdagur * takmörkuð þjónusta	1.jan Nýársdagur * takmörkuð þjónusta	<b>HÚS DÝRA GARÐUR INN</b>		

\*Athugið. Þegar þjónusta er takmörkuð er mönnum á starfsfólki í lágmarki og ekki opið í kaffihúsi, miðasölu, inn til jólakattarins og gjafir í kringum dýrin ekki skv. hefabundinni dagskrá.





# „Þessi hegðun er alls staðar og hún hræðir mig“

*Ný ímynd Haffa Haff - Guð og Jesús Kristur besta fíkniefnið  
- Opnar sig um erfið sambandslit - Hrundi rétt fyrir keppni*





Tómas Valgeirsson  
tomas@dv.is



Listamaðurinn Hafsteinn Þór Guðjónsson hefur glatt ófáa landsmenn síðustu vikur með dansfélagu sínum, Sophie Louise Webb. Tvíeykið var nýlega valið í hóp þeirra sem komust áfram í annarri seríu Allir geta dansað, þar sem listamenn keppast um stóra titilinn og sigurbikarinn. Tíu þór taka þátt og stendur eitt par eftir sem sigurvegari í lok janúar á næsta ári.

Hafsteinn, sem þekktur er af flestum sem tónlistarmaðurinn og plötusnúðurinn Haffi Haff, hefur lítið verið í sviðsljósinu undanfarin ár, en mikið bar á honum í fjölmörgum í nokkur ár eftir að hann tók þátt í undankeppni Eurovision með Wiggle Wiggle Song. Í samtali við DV tjáir Haffi sig meðal annars um ástina, týndu árin, mikil tímamót, átakanleg veikindi, drifkraftinn og nýju plötuna sem hefur verið í vinnslu svo árum skiptir.

Lengi hefur Hafsteinn verið kenndur við ýmsa titla; tónlistarmaður, framleiðandi, hönnuður, tískuráðgjafi og ekki síst danshöfundur, en hann hefur marga fjöruna sopið þegar kemur að þeirri listgrein. Svo dæmi séu nefnd tekur hann reglulega samkvæmisdans með eldri borgurum á föstudögum á Hrafnistu. Nýlega hefur hann þó þurft að leggja þá tómsundaiðju á hilluna um tíma vegna dansæfinga fyrir beina útsendingu.

Hafsteinn lýsir aðkomu sinni að sjónvarpsþáttunum Allir geta dansað sem stressandi, spennandi en fyrst og fremst sem draumi líkri og meira krefjandi í smáatriðum dansspora en hann er vanur. Hann gæti heldur ekki verið ánægðari með dansfélagu sinni, Sophie Louise, sem hann segir mikla hvatningu í lífinu þessa dagana. Hafsteinn segir undanfarnar vikur hafa verið taumlausu keyrslu í tengslum við æfingar og tölur á þættinum en þetta hefur ekki stoppað hann frá því að taka að sér fleiri verkefni í miðri ös.

Hafsteinn segir að þetta sé fylgihlutur þess að gera miklar kröfur til sjálfs sín og ef viðkomandi slekkur ekki reglulega á líkama sínum, mun líkaminn sjá um að gera það fyrir hann – gjarnan á versta tíma.

**Magaverkir í beinni**

„Ég er þannig að ég er mjög harður á sjálfan mig. Ég vil alltaf standa mig vel til að búa til gott „sjó“. Ef maður stendur sig ekki glæsilega eiga skilaboðin í dansinum til að tynast. Eins mikið og fólk meinar vel þegar það hrósar manni rétt á undan framkomu á sviði og segir að maður eigi eftir að negla þetta, eða „Þú ert bestur“, þá hefur það öfug áhrif á mig,“ segir Hafsteinn og bætir við að hann hafi ekki verið nógu ánægður með frammistöðu sína í annarri viku keppninnar. „Fyrsta vikan gekk fullkomlega. Það var

algjör guðsgjöf. Þótt við gerðum kannski ekki allt fullkomið samkvæmt sumum reglubókum, þá gat þetta ekki gengið betur í mínum huga. Önnur vikan var aftur á móti allt annað en fullkomin. Ég var líkamlega og andlega kominn í þrot,“ segir Hafsteinn og heldur áfram.


„Í annarri vikunni hrundi líkaminn. Ég setti svo mikla pressu á sjálfan mig, að vilja standa mig virkilega vel þessar vikur. Æfingar voru afar strembnar og ofan á það fékk ég mjög slæmar fréttir um einstakling sem er mér nákominn og síðar meir matareitrun, ofan á önnur verkefni sem ég gat ekki sagt nei við. Nokkrum dögum fyrir tölur var líkami minn gjörsamlega búinn. Ég skuldaði honum svefn og maginn var kominn í rugl.“

Hafsteinn segist sem betur fer hafa náð

sér aftur á strik þegar kom að aðalkvöldinu, þótt litlu hafi munað í ljósi þess að hann var kastandi upp og svefnvana kvöldið áður. „Sýningin verður alltaf að halda áfram, eins og sagt er, og ég vissi að þetta myndi allt ganga upp á endanum,“ segir hann. „Helsti vandi minn þetta kvöld var sá að ég þurfti svo mikið að prumpa á meðan ég var í beinni útsendingu. Ég gerði mitt besta til að hugsa um aðra hluti en þarna fann ég að maginn var eitthvað að stríða mér.“

Að sögn Hafsteins snýst mergur málsins um það að standa sig vel fyrir dansfélagu sinni. „Þessi keppni snýst um að hafa gaman. Ég dýrka Sophie og mig langar að gera hana stolta og vera henni besti dansfélagi sem ég get verið,“ segir Hafsteinn.

„Ég þurfti svo mikið að prumpa í beinni útsendingu“



**„Ég elskaði hann of mikið“**

Tónlistarmaðurinn og dansarinn segist vera ákaflega ánægður með tímasetningu danskeppninnar. Tímarnir hafa verið krefjandi hjá Hafsteini síðastliðin misseri, meðal annars vegna erfiðra sambandslita og kveidi hann um tíma fyrir að eyða jóluunum einhleypur. Í sex og hálf ár var Hafsteinn í sambandi með landslagsarkitekt að nafni Julian. Þeir voru lengi í fjarsambandi og stóð til að þeir rugluðu saman reytum í Seattle. Hafsteinn segist hafa verið kominn með annan fótinn inn í hjúskapinn þegar sambandið slitnaði. Hafsteinn tjáir sig um þetta viðkvæma mál og segir að heilt yfir hafi þeim Julian ekki ætlað að vera saman.

„Ég hef oft séð það gerast, þegar fólk gefur upp hluta af sjálfu sér fyrir aðra. Mig langaði að sjá hann ganga langt og sinna sínu vel. Ég vildi ekki að hann aðlagði sitt líf að mínu, en með tímanum leið mér eins og ég hefði ekki lengur fengið að vera ég. Mér leið eins og stöðugt væri verið að dæma mig,“ segir Hafsteinn og kemur með tvö sambandsráð.

„Þegar þér líður eins og hinn einstaklingurinn meti þig ekki eins og þú ert, skaltu forða þér strax. Þú verður að treysta eðlishvöt þinni. Ég vissi það fyrir meira en ári að þetta samband væri ekki að ganga, en ég neitaði að sleppa takinu. Ég elskaði hann of mikið. Ég hélt áfram að hlaupa með hausinn beint að veggnum áður en ég áttaði mig á því að þetta var ekki að ganga. Það sem ég lærði af þessu var að missa ekki sjónar á sjálfum mér og ég ráðlegg fólk að fórna aldrei sínum markmiðum eða gefa drauma sína upp á bátinn fyrir aðra,“ segir Hafsteinn.

„Og ráð mín til þeirra sem hyggjast hætta með einhverjum eru þessi: ef þú ætlar að slíta sambandi við einhvern, vertu viss um að það snúist um þig og þínar forsendur, en ekki hinn einstaklinginn. Reyndu að lyfta hinum einstaklingnum upp, án þess að detta í einhver tóm hrós. Þú þarft að fara varlega með tilfinningar manneskjunnar, því þú ert hvort sem er að rústa þeim.“

Hafsteinn segist ekki sjá fram á að hann íhugi langtímasamband á næstunni, jafnvel endanlega. „Ég veit ekki einu sinni hvað mér finnst um sambönd lengur. Hvað þýðir það yfirhöfuð að vera ástfanginn? Þarf það að eiga eingöngu við um rómantik?“ spyr hann. „Ég er í öðruvísi sambandi þessa dagana, sem er við sjálfan mig. En fyrir utan það hef ég heilmikla ást til að gefa, hvort sem það er fjölskyldu minni, foreldrum eða vinum mínum. Ástin er alls staðar í lífi mínu.“

**Samfélagsmiðlar eru fíkniefni**

Listamaðurinn segist oft vera spurður hvers vegna hann sé ekki virkur á samfélagsmiðlum og svar hans er einfalt og skýrt: „Hver hefur tíma í svoleiðis? ▶



Eigum fjórar stærðir af lokum á lager í gráum og brúnum litum  
Verð frá 58.500 kr.

**GODDI.IS**  
AUÐBREKKU 19 - KÓPAVOGI - S. 544 5550





Þegar hasarinn minnkar hjá mér vil ég helst bara slökkva á símanum mínum og fara að sofa.“

Hann segir áreiti símans í nútímaöld vera slíkt að stök skilaboð geti rústað sálinni hvenær sem er. „Ég fæ ekki þessa þörf fyrir að deila myndum af kaffibolla, sjálfum mér glöðum eða vinahittingi. Því miður búum við á þannig tíma að allt snýst um „líkendafjölda“. Síminn þinn og samfélagsmiðlar eru fíkniefni. „Líkendatölur“ gefa fólki endorfín og það kemur þessi stöðuga þörf fyrir að kíkja á símann, meira að segja í miðjum samræðum við annað fólk. Þessi hegðun er alls staðar og hún hræðir mig,“ segir hann.

„Ég á mér sjálfur sögu af fíkniefnavanda og ég skammast mín ekkert fyrir að játa það. Þótt símafíknin sé meira huglæg en hefðbundin eiturlyfjafíkn meira bundin við líkamann, þá er leiðin út ekkert ósvipuð. Það er erfitt að sleppa þessum hlutum, því margt af þessu er einfaldlega grafið í rútínu fólks. Það er hægt að brjótast út úr þessum vítahring. Það er erfitt, en tilfinningin er ólýsanleg þegar þú tekur sjálfur stjórn á eigin lífi í stað þess að vera háður lífi annarra, eða efnunum.“

Með símanum okkar og neysluhyggju almennt kemur upp þorsti í sálarró en við verðum aldrei almennilega nærð, sama hvað við kaupum, sama hvað við kíkjum oft á símana. Þetta er þorsti sem aldrei er hægt að svala. Við leitum endalaust að hugarró, með hinu og þessu, á meðan þetta blasir allt við fyrir framan okkur. Við eigum ekki að leita að tilgangi í gegnum aðra eða hluti. Við eigum að leita að lausnum út frá okkur sjálfum.

Eitt „like“ á ekki roð í þá tilfinningu að finna fyrir ást frá barni, eða heimsókn til ömmu og afa, bara almenn bein samskipti við fólk sem þér er annt um. Við þurfum að losa okkur frá hvaða fíkn sem virkar sem hemill á okkur og viðurkenna að það sé vandamál.“

#### „Stóri G“ og leitinn að sálinni

Að sögn Hafsteins hefur samband þeirra Julians verið fíkn líkust enda skilgreindir listamaðurinn sig sem mikinn ástarfíkl

„Mér leið eins og stöðugt væri verið að dæma mig.“



á þeim tíma og sérstaklega undir lokin. Þegar Hafsteinn fór að þrjá tilbreytingu, meiri rútínu og stöðugleika í lífið í kjölfar sambandslitanna tók við nýr áhugi sem hann gat ómögulega séð fyrir.

„Það má segja að ég hafi skipt út fíkninni fyrir ást mína á Jesú Kristi og Guði, eða „Stóra G“ eins og ég kalla hann. Þetta er besta fíkniefni sem til er,“ segir Hafsteinn og rekur kveikþráðinn til Seattle.

Þar átti hann vinkonu, 76 ára gamla, sem bjó í sama húsi og hann og hann annaðist mikið. Til að leiða hugann frá sambandslitunum þáði Hafsteinn boð hennar um að koma með henni í messu. Áður en langt um leið var Hafsteinn orðinn dolfallinn og nú gengur hann til kirkju á hverjum sunnudegi, undantekningarlaust.

„Þegar ég fer í kirkju og ljósið skín inn um gluggann á rétta augnablikinu, beint

í augun á þér, og presturinn syngur, kemur tilfinning sem er erfitt að lýsa. Hún er svo gefandi og yndisleg. Í messu upplifi ég sál mína gífurlega frjálsa og mér tekst að sleppa takinu á öllu sem angrar mig. Það skiptir engu hvort maður trúir hinu eða þessu. Þetta snýst um að skyggast inn í eigin sál,“ segir Hafsteinn.

Hann segir Hallgrímskirkju hafa átt sérstakan sess í hjarta hans undanfarna mánuði, en þess má geta að Hafsteinn fékk boð á dögnum um að vera messuþjónn í þeirri kirkju. Hann varð himinlifandi við að fá þetta boð og segir það vera gífurlegan heiður, en sunnudagurinn 15. desember markar fyrsta skiptið þar sem hann fær að taka þátt í athöfn í Hallgrímskirkju. Vonandi verður það hin fyrsta af mörgum, segir hann.

#### En hvað er Guð, eða Stóri G?

„Ég hef ekki hugmynd, en ég veit að Guð er allt saman, hann er aflið sem býr í okkur öllum. Hvað sem hann er, þá sigrast hann á mínu myrkri stöðugt. Myrkrið er nefnilega ekkert í samanburði við það hversu dásamlegt og dýrmætt líf þitt er,“ segir Hafsteinn.

#### Hafði áhrif á tónlistina

„Það eru stórkostleg forréttindi og heiður að kynna sér þær upplýsingar sem Jesús Kristur hafði um Guð, og hvaða tilgangur það er sem okkur fólkinu er ætlaður, hvers vegna við erum hér. Þetta snýst ekki um að vera samkynhneigður, svartur, hvítur, uppi, niðri, ríkur, fátækur, búandi hér eða þar. Þvert á móti geturðu verið afar auðgur sem fátæk manneskja, en þá svo lengi sem þú ert frjálst í sálinni og meðtekur alla þá umhyggju og fegurð sem er í kringum þig. Ég myndi vilja gefa allt sem ég á ef það þýddi að ég gæti hugsað vel um aðra.“

Hafsteinn hefur ekki setið auðum höndum þegar kemur að tónlist. Síðastliðin ár hefur hann unnið stíft að glænýrri plötu. Ekki er enn vitað hvenær platan kemur út en á henni verður samansafn ýmissa verka sem tónlistarmaðurinn hefur unnið að síðan 2012. Hann segir ást sína á Guði hafa haft taumlaus áhrif á lagasmíðar hans að undanförmu, jafnvel ómeðvitað.

„Ég hlusta reglulega eftir skilaboðum eða merkjum sem berast til mín á ýmsa vegu, sem ég álit vera Guð að tala við mig. Ég veit líka fyrir vísu að Guð sér um mig. Þegar ég hrundi niður um daginn, þá vissi ég að það yrði í lagi með mig. En ég lífi mínu lífi þannig núna að ég hlusta á orð Guðs en fylgi braut Jesú Krists,“ segir Hafsteinn og tekur fram að fólk sem lifir einungis fyrir sig sjálft, án þess að gefa nokkuð til baka, sé hluti af vandamáli heimsins um þessar mundir.

„Sá sem ekki hefur þekkingu á sjálfum sér, öðlast enga þekkingu. En sá sem þekkir sjálfan sig hefur vakið hjá sér skilning um dýpri merkingu allra hluta.“ ■

## ÚTIVISTARFATNAÐUR



Merino ullarbolur  
kr. 6.890



Ullarbuxur  
kr. 5.890



Deerhunter Verdun  
kr. 15.900

Deerhunter Mufflon  
kr. 34.900



Strike göngubuxur  
kr. 11.900



**Vesturröst**

Sérverslun veiðimannsins - Laugaveg 178 - sími: 551 6770 - www.vesturröst.is

**FRÍ  
HEIM  
SENDING  
Á ÖLLUM VÖRUM  
FRAM AÐ  
JÓLUM**

2019 Thinsulate  
INSULATION

Thinsulate  
INSULATION



# JÓLA- OG BÓKAMARKAÐUR

Ferðafélags Íslands - Mörkinni 6

Gefðu aðild að skemmtilegum félagsskap

GÓÐAR GJAFIR  
BETRI HEILSA  
OG LENGRA LÍF

ÁRSAÐILD AÐ  
FERÐAFÉLAGI  
ÍSLANDS

Netverslun  
[www.fi.is](http://www.fi.is)

ÁHUGAVERÐIR  
JÓLAPAKKAR

- Bækur og bókapakkar, fræðslurit og kort
- Ársaðild að Ferðafélagi Íslands
- Fjallaferðir og gjafabréf
- Um tímann og vatnið eftir Andra Snæ, áritað eintak meðan birgðir endast



**FERÐAFÉLAG ÍSLANDS**

KOMDU VIÐ  
Í MÖRKINNI 6



# JÓLIN, SKILARÉTTUR OG ÚTSÖLUR

■ Listin að skipta jólagjöf ■ Hvað eiga gjafabréf að gilda lengi? ■ Er skilaréttur fortakslaus?

Erla Dóra  
erladora@dv.is



Ég fæ jólagjöf, eitthvað sem gaman er og gott að fá. Þetta söng Katla María Hausmenn á árum áður. Vissulega er gaman og gott að fá jólagjöf, en þó hitta ekki allar gjafir í mark. Þá bregða margir á það ráð að skipta þeim jólagjöfum sem fóru framhjá markinu. Síðan eftir jólin þá hefjast útsölur í flestum verslunum. Það er því ekki úr vegi að rifja upp hvaða reglur gilda um skil á vörum og útsölur.

## Skilaréttur – 14 dagar eða enginn?

Verslunum ber engin lagaleg skylda til að taka aftur við ógallaðri vöru þegar viðskiptavinur vill skipta henni. Hins vegar hafa margar verslanir sett sér reglur varðandi slíkan skilarétt og árið 2000 gaf atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið út verklagsreglur til að vera verslunum og söluaðilum leiðbeinandi þegar kemur að skilarétti. Samkvæmt reglunum er almennur frestur til að skila vöru 14 dagar. Seljendur geta svo að sjálfsgöðu veitt rýmri rétt en það. Þekkt hefur að skilaréttur á jólagjöfum sé aðeins tilgreindur til nýársdags, en það veitir viðtakendum gjafa afar skamman frest til að skila vörunni þar sem margir frídagar eru á milli aðfangadags og áramóta.

## Upprunalegt verð

Frá því að jólagjöf er keypt og þar til viðtakandi hennar skiptir henni kann gjöfin að hafa lækkað

í verði hjá versluninni. Þá vaknar hjá mörgum spurningin um hvort miða skuli við verðið sem varan var keypt á, eða verðið sem hún er seld á þegar henni er skilað. Hér má finna svar í áðurnefndum verklagsreglum.

Miða ber við upprunalegt verð vörunnar. Frá þessu eru þó gerðar undantekningar. Ekki er þörf á skilarétti á vöru sem er keypt á útsölu og eins hafi vara verið keypt rétt fyrir útsölu.

## Inneignarnótur

Þegar vöru er skipt er gjarnan brugðið á það ráð að fá inneignarnótu hjá seljanda. Þannig er hægt að fresta oft erfiðri ákvörðun um hvaða vara skuli valin í skiptunum. Inneignarnótur hafa vissán gildistíma. Ef ekki kemur fram á nóttunni um gildistíma þá á hún, samkvæmt verklagsreglum, að gilda í fjögur ár. Gildistími má aldrei vera skemmri en eitt ár.

## Gjafabréf

Algengur gildistími gjafabréfa er eitt ár. En þó ætti hann að vera fjögur ár samkvæmt verklagsreglunum og einnig samkvæmt lögum um fyrningarfrest. Mætti neytandi því vænta þess að gjafabréf gildi í fjögur ár, nema samið hafi verið um frávik frá því þegar vara var keypt. Mismunandi gildistími gjafabréfa á milli verslana, oft jafnvel skammur gildistími, hefur verið talinn mismuna neytendum eftir því hvar þeir versla, eða hvar á landinu þeir eru staddir. Íbúar landsbyggðarinnar hafa þótt í verri stöðu til að skipta vöru sem keypt er á höfuðborgarsvæðinu en höfuðborgarbúar. Það hefur því verið rætt innan Alþingis að skerpa á áðurnefndum verklagsreglum til að tryggja jafnræði og fyrirsjáanleika skilaréttar og gjafabréfaréttar.

## Kassakvittun

Samkvæmt verklagsreglum þá er það skilyrði skilaréttar að viðskiptavinur geti framvísað kassakvittun til að sýna fram

á kaupin. Hins vegar er gerð undantekning frá því ef vara er merkt með svonefndum gjafamerkjum, en slíkt þekkt orðið vel í kringum jólin. Þá er límmiða komið fyrir yfir verðmerkingu vörunnar þar sem oft er einnig skráður sá frestur sem viðtakandi gjafar hefur til að skipta gjöfinni. Í þeim tilvikum sem gjafamerking er til staðar þá þarf ekki að framvísa kassakvittun, enda væri hálf súrt að þurfa að gefa gjafir og gefa upp nákvæmlega hvað lagt var út fyrir þeim.

## Meiri réttur í netverslun

Þegar verslað er á netinu þá gefst neytanda ekki tækifæri til að skoða vöruna berum augum fyrir kaupin. Því er lögum samkvæmt heimilt að falla frá kaupum án skýringar innan 14 daga frá kaupunum. Að sjálfsgöðu gildir um þetta að varan þurfi að vera óskemmd.

## Ekki láta blekkja þig

Þó svo að flestir vilji trúna því að verslunareigendur komi hreint og beint fram, þá hafa komið upp tilvik þar sem seljendur hafa hækkað verð á vörum sínum, rétt áður en útsala hefst. Síðan auglýsa þeir vöru á útsöluverði sem jafnvel er þá bara upprunalegt verð vörunnar. Ef slíkt á sér stað þá er um að ræða brot gegn lögum um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu. Auglýst verðlækkun verður að vera eiginleg verðlækkun og neytendur eiga rétt á að vita hvert upprunalegt verð vörunnar var. ■



## SANDBLÁSTURSFILMUR



Ráðgjöf  
Tilboð  
Hönnun  
Uppsetning

**XPRENT**  
HÖNNUN OG MERKINGAR

Sundaborg 3  
104 Reykjavík  
777 2700  
xprent@xprent.is





# KUBBALJÓS

Íslensk framleiðsla – gæði í gegn  
margir litir – margar gerðir



Veggljós



Loftljós



Útiljós

15% afsláttur af ljósum til jóla





# Draumaprinsinn dó

Jaroslava rifjar upp tímann með Geira á Goldfinger – Segist aldrei hafa brotið lög – Söðlar um og hefur ekki tíma fyrir karlmenn

Lilja Katrín Gunnarsdóttir  
lilja@dv.is



Maður velur að skapa sitt eigið líf. Maður þarf að spyrja sig hvort maður vilji vera aumingi eða gera eitthvað með líf sitt. Lífið fer upp og niður og stundum er það erfitt. Það eru ekki alltaf allir góðir við mann og maður sjálfur er ekki alltaf góður við alla,“ segir Jaroslava Davíðsson, ekkja Ásgeirs Þórs Davíðssonar, Geira á Goldfinger eins og hann var oftast kallaður. Geiri varð bráðkvaddur á heimili sínu í apríl árið 2012. Við það tók Jaroslava við Goldfinger, sem var strippstaður áður en bann við nektardansi tók gildi á Íslandi í byrjun þessa áratugar. Nú er komið að leiðarloku. Jaroslava kveður Goldfinger á tuttugu ára afmæli staðarins næstkomandi laugardagskvöld. Ákveðinn léttir en einnig skrytið segir hún, en hún ákvað fyrir ári að selja reksturinn og allt sem honum fylgir.

## Vill ekki glápara

„Mér finnst ruglað að það séu enn viðskiptavinir að koma til okkar, öllum þessum árum seinna,“ segir Jaroslava er blaðamaður hittir hana á Goldfinger á miðjum degi. Litríkt jólatré stendur hnarreist við súlurnar tvær á sviðinu og leðursófar allt um kring. Áfengisfnykurinn sem fylgir hefðbundnum skemmtistöðum rétt fyrir opnun er víðs fjarri og gólf-

ið svo hreint að sleikja mætti af því kampavínið sem stillt er upp í hillum víðs vegar um staðinn. Jaroslava er þreytt, enda í stífum undirbúningi fyrir tuttugu ára afmælið, sem er jafnframt kveðju-teitin hennar.

„Ég verð með ellefu dansara að dansa á tveimur súlum, samt ekki nektardans,“ segir hún og hlær. „Þetta verður mikið „show“ og þótt allir séu velkomnir vil ég helst bara hafa fólk í kringum mig sem ég treysti og hefur stutt mig í gegnum tíðina. Ég vil ekki fá eitt-hvert fólk sem er bara komið til að glápa, þannig að öryggisgæslan verður mikil,“ bætir hún við á þessum tímamótum. Jaroslava ætlar að hafa teitina nánast fram á sunnudagsmorgun og svo tekur við óvissan, sem er spennandi en jafnframt skrytin.

„Ég sef á sunnudaginn. Ég finn að aldurinn er farinn að segja til sín og það tekur mig lengri tíma að jafna mig,“ segir hún og brosir. „Það tekur tíma að fatta að ég er að hætta, en ég hef haft ár til að undirbúa mig. Nú tekur yngri kynslóðin við og breytir staðnum, sem ég held að sé gott. Ég á eftir að koma stundum til að syngja í karóki og dansa,“ segir hún og bætir við að hún taki ávallt dægurlagið Vor í Vaglakógi þegar hún grípur í karókímikrófóninn. Jaroslava er ekki búin að ákveða hvað hún tekur sér fyrir hendur næst. Hún er menntaður snyrtifræðingur og hefur unnið við það í og með síðustu árin. Eitt er víst



Kveður Goldfinger Jaroslava hefur selt Goldfinger og hverfur á braut.

að rekstur dansstaða á borð við Goldfinger er ekki í kortunum.

„Ég held að það verði gott fyrir mig að hvíla mig. Ég sé ekki eftir neinu og hefði ekki gert neitt öðruvísi.“

## Vill sofa á nóttunni

Jaroslava flutti til Íslands fyrir rúmum tveimur áratugum og réð Geiri hana í vinnu á Hafnarkránni í Hafnarstræti. Þau opnuðu síðan súlustaðinn Maxim's saman í desember árið 1998 og ári síðar festu þau rætur í Kópavogi og

opnuðu Goldfinger. Jaroslava skýtur því inn að Geiri hafi rekið hana á Maxim's því hún lét illa að stjórn, en þótt upphafið hafi verið brösuð blómstraði ást þeirra Jaroslövu og Geira. Geiri sá um daglegan rekstur Goldfinger og Jaroslava var heimavinnandi, en sá um flest allt annað er varðaði staðinn. Konan á bak við tjöldin.

„Já, ég var alltaf konan á bak við Geira. Ég sagði oft að ég hefði sterkan vegg fyrir framan mig,“ segir hún. Meðal þess sem var í verkahring Jaroslövu voru samskipti við dansara og starfsmannahald. Hún lagði mikið upp úr því að vel væri að verki staðið í þeim efnum.

„Ég hef alltaf farið eftir lögum og allar stelpurnar sem hafa dansað hér hafa verið með íslenska kennitölu og borgað sína skatta. Ég vil hafa allt uppi á borðum því ég vil sofa á nóttunni. Ég nenni ekki neinum „monkey business“. Það er betra að hafa hreina og góða samvisku.“

Þótt þau hjónin hafi byggt upp sitt fyrirtæki á nektardansi segir Jaroslava að hún kunni betur við dansarana í fötum en án.

„Þetta er miklu betra svona, þegar stelpurnar mega ekki fara úr öllu. Þetta er fellegra. Meira sexí. Ég myndi segja að þetta skapaði líka meira öryggi á staðnum. Það er erfitt að útskýra þetta fyrir útlendingum, en Íslendingarnir skilja alveg að það megi ekki snerta. Lög eru lög. Niðri í bæ eru oft slagsmál um helgar en ekki hér hjá mér. Ég hef þurft að kalla á lögregluna nokkrum sinnum síðustu sjö árin og í öll skiptin hefur það verið út af útlendingum.“

En hefur þessi bransi gert hana ríka?

„Er ég orðin rík?“ segir hún með fátí, tekur sér drykklanga stund til umhugsunar og svarar síðan: „Ég er ekki rík, en ég á það sem ég þarf, sem betur fer.“

## „Kreisi“ líf

Geiri og Jaroslava voru gefin saman þann 27. september árið 1999. Þau eiga eina dóttur saman, Alexöndru sem kom í heiminn í september árið 1999, fjórum dögum áður en foreldrar hennar gengu í það heilaga. Það er eina barn Jaroslövu en Geiri átti sex börn úr öðrum samböndum. Jaroslava er stolt af dóttur sinni.

„Hún er orðin fullorðin kona, mjög sjálfstæð og sterk. Hún flutti að heiman fyrir um ári og er að spá í að fara í Háskóla Íslands í nám. Við hittumst ekki oft, en höldum góðu sambandi. Ég myndi segja að við værum nánari núna en áður, en hún er samt þannig gerð að hún hringir ekki í mig ef hana vantar eitthvað. Hún bara reddar sér sjálf og vill hafa það þannig. Ég flutti sjálf að heiman um tvítugt og ég held að það sé gott. Maður lærir svo mikið á því og þetta er góð reynsla. Við erum þau einu sem getum tekið ábyrgð á okkar lífi og það gerir aldrei neinn eitthvað fyrir mann. Það er gott að læra það snemma. En ég stend alltaf með henni og styð hana, í gegnum þykkt og þunnt,“ segir Jaroslava.

En hvernig myndi hún lýsa sér sem móður?

„Ég átti „kreisi“ líf, sá um Goldfinger og var gift Geira. Það var alltaf „aksjón“. Ég átti tvö börn – dóttur mína og Goldfinger. Ég var heima með Alexöndru þar til hún varð tíu ára, fór síðan í skóla að læra snyrtifræði og Geiri dó þegar hún var tólf ára. Þá fór ég á kaf í vinnu og Alexandra ól sig upp sjálf. Hún er tölfari. Sem betur fer veit hún hvað hún vill. Hún er enginn aumingi. Hún veit að hún þarf að mennta sig, vinna og sjá um sig sjálf, því það er enginn annar að fara að gera það fyrir hana.“

## „Geiri er dáinn“

Jaroslava og Geiri ákváðu að skilja



## Kósý jólastemning



RISTORANTE  
**Caruso**



**PANTA BORD Í SÍMA. 562 7335**



Í síðasta skiptið Jaroslava lagar sig til í búningsherbergi Goldfinger.



Í lok febrúar árið 2012, en voru áfram í mjög góðu sambandi. Þótt Geiri flytti af heimilinu í Kópavogi út á Álftanes var hann heimalningur hjá Jaroslövu. Eins og þruma úr heiðskíru lofti komu fréttirnar um vorið 2012 að Geiri væri dáinn. Hann varð bráðkvaddur þann 19. apríl.

„Ég var að fagna fertugsafmæli mínu og ákvað að fara út til mömmu minnar í Eistlandi á afmælinu mínu. Geiri vildi ekki koma með. Hann hringdi ekki á afmælinu mínu, sem mér fannst skrýtið. Síðan fór ég að sofa og vinur okkar hringdi í mig daginn eftir og sagði: Geiri er dáinn,“ segir Jaroslava og verður hljóð. „Þetta var mikið sjökk. Það bjóst enginn við þessu.“

Hvort það er tilviljun eða kaldhæðni örlaganna að Geiri hafi látist er eiginkona hans til þrettán ára fagnaði fertugsafmæli sínu fæst aldrei úr skorið, en hjátrú fylgir því í Rússlandi að fagna þessum áfanga. Þótt Jaroslava sé frá

Eistlandi talar hún reiprennandi rússnesku og hefur tileinkað sé ýmislegt frá Rússlandi.

„Það er hjátrú í Rússlandi að halda ekki upp á fertugsafmæli. Það þykir boða ógæfu. Ég var búin að ákveða að fara út til mömmu en ætlaði ekki að halda partí. Ég var búin að lesa mikið um þessa hjátrú, en mamma sagði mér að vera ekkert að trú þessu og sannfærði mig um að fara út að borða. Ég hélt að ég myndi ekki vakna næsta dag út af þessari hjátrú. En það var Geiri sem vaknaði ekki.“

Jaroslava leyfir sér ekki að dvelja í fortíðinni og veltir sér ekki upp úr því hvað hefði orðið ef hún hefði ekki farið út að borða þennan örlagaríka dag.

„Allt sem var, er farið og eftir standa góðar minningar.“

**Grét fyrstu vikunar**

Lífið eftir andlát Geira var erfitt.

„Ég sakna Geira. Þegar hann féll frá var ég ein. Ég þurfti að ríf-



Saknar Geira Jaroslava segir það hafa verið mikið áfall þegar Geiri féll frá.

ast ein og hugsa um Goldfinger ein. Ég vann aldrei á Goldfinger á meðan Geiri var á lífi. Fyrstu vikunar grét ég bara og var ekki viss um að ég gæti þetta. Þetta var mjög erfitt og mér fannst þetta of mikið. Ég var ein á barnum og vinkona mín hjálpaði mér í dyravörslu. En fólk sýndi mér

mikla virðingu og það er það sem bjargaði mér. Ég fékk stuðning frá mörgum og gat vælt við öxlina á sumum. Síðan tók ég þetta bara hægt og rólega, einn dag í einu. Margir vissu ekki einu sinni að ég væri ekkjan hans Geira. Enn þann dag í dag kemur fólk á Goldfinger sem hefur ekki hugmynd um hver

ég er. Við vorum góð saman. Ég er sterk kona, en það var gott að hafa Geira.“

Fráfall Geira hafði áhrif á alla fjölskylduna, en dóttir þeirra Jaroslövu hefur ekki opnað sig mikið um þetta áfall.

„Alexandra var 12 ára og vildi ekki tala um þetta. Krakkar ►

**Frystigámar / Sala og leiga 10 / 20 og 40 ft.**

Seljum einnig og leigjum gámarhús, geymslugáma og salernishús í ýmsum stærðum og gerðum. Fjöldi sérlausna í boði, sniðnar að þörfum hvers og eins viðskiptavinar.

**Stólpi Gámar**  
Klettagörðum 5 | 104 Reykjavík | Óseyrarbraut 12 | 220 Hafnarfirði  
[www.stolpigamar.is](http://www.stolpigamar.is)

Hafðu samband 568 0100





**Fjölskyldan á góðri stundu** Jaroslava og Geiri fagna jólnum ásamt dóttur sinni, Alexöndru. Mynd: Úr einkasafni

taka á dauðanum öðruvísi en við fullorðna fólkið. Hún vill ekki að fólk spyrji um þetta og hún fattar að hún þarf að halda áfram með lífið. Hún er sterk og jákvæð og gerir sér grein fyrir að þegar við mætum áföllum þurfum við að ákveða hvort við dettum á botninn eða höldum áfram.“

### Ekki tími fyrir karlmenn

Varðandi ástalífið eftir fráfall Geira stendur ekki á svörum hjá Jaroslövu.

„Ég hef engan tíma fyrir karlmenn. Ég er búin að gera allt al-ein í sjö ár – heldur þú að einhver karlmaður vilji vera með mér?“ segir hún og hlær, þótt alvarlegur undirtónn fylgi. „Stundum koma karlmenn upp að mér og sýna mér áhuga en síðan hlaupa þeir í burtu eftir stutt samtal. Kannski eru þeir bara hræddir og geta ekki höndlað svona sterka konu? Ég myndi allavega aldrei spyrja karlmann hvaða ákvarðanir ég á að taka í lífinu. Þeir reyna líka oft að ganga í augun á mér með því að segja mér hvað þeir eiga mikla peninga og hitt og þetta, en peningar eru ekki allt.“

En hvernig er þá draumaprinsinn hennar Jaroslövu?

„Hann dó. Ég hef prófað að vera með draumaprinsinum. Ég er 47 ára gömul, ég vinn mikið og ég er bara góð.“

Jaroslava getur ekki neitað því að margir ráku upp stór augu þegar hún og Geiri byrjuðu

saman og gengu síðar í hjónaband. Talsverður aldursmunur var á þarinn – heilt 21 ár. Jaroslava segir hins vegar að ástin spyrji ekki um aldur.

„Geiri gafst ekki upp – hann var sterkur karakter. Það var alltaf mikil virðing á milli okkar. Við fundum þennan gullna milliveg. Í okkar sambandi var gott jafnvægi. Ég held að lykullinn að góðu sambandi sé virðing og að maður reyni ekki að pína fólk í að gera eitthvað sem það vill ekki. Maður þarf að vera maður sjálfur til að geta verið í sambandi.“

### Upp og niður

Jaroslava hugsar alltaf hlýtt til síns fyrsta vinnustaðar á Hafnarkránni í lok tíunda áratugar síðustu aldar.

„Ég man alltaf rosalega vel eftir Hafnarkránni. Geiri sannfærði mig um að koma til Íslands og vinna þar. Mér fannst það svo skrytinn staður og hugsaði bara: Vá.“

Ég hafði verið að vinna á þriggja hæða veitingastað í Eistlandi á 24 tíma vöktum. Þetta var svo fínn staður að við starfsfólkið máttum ekki einu sinni nota klósettið. Að koma til Íslands var mikil breyting og ég er mjög þakklát fyrir þennan tíma. Á Hafnarkrána kom fólk sem fékk pening fyrsta hvers mánaðar frá ríkinu og kom til að fá sér bjór og spjalla. Fólk með gott hjarta. Þetta var mjög skrytið samt,“ segir



**Á barnum** Jaroslava hefur rekið Goldfinger ein síðustu sjö árin.

hún og skellihlær. En af hverju að flytja til Íslands?

„Það var val. Ég ákvað að koma og prófa. Þetta var ekki alltaf „bjútuful“ og lífið fór upp og niður. Síðan varð ég ófrísk og þurfti að hugsa um stelpuna. Svo urðum við að vinna, vinna og vinna. Enginn gaf okkur neitt frítt. Ég er mjög þakklát fyrir það fólk sem hefur verið í kringum okkur. Lífið hefur ekki allt verið „perfekt“. Það kom kreppa, femínistar urðu brjálaðir út í okkur, svo kom bann við nektardansi, bann við privatherbergjum. En ég hef aldrei gefist upp, sem betur fer. Við fórum nokkrum sinnum á botninn og þá tók alltaf tíma að byggja aftur upp. Slæm auglýsing er líka auglýsing. Það var alltaf einhver að drulla yfir okkur. Stundum var þetta leiðinlegt en við urðum að leggja það til hliðar og horfa fram á veginn,“ segir hún.

### Stendur „pimp“ á bakinu á mér?

Goldfinger, sem og aðrir staðir af svipuðum toga, voru oft tengdir við skuggahliðar lífsins; maffuna, vændi og mansal. Eitt hvað sem fékkst aldrei sannað. Jaroslava vísar því algjörlega á bug að slíkt hafi viðgengist á staðnum.

„Ég skil mjög vel að þessi rekstur hafi verið tengdur við eitthvað misjafnt. Erlendis og í bíómyndum er strippdans tengdur vændi og maffunni – undirheimunum. Sumir hringdu og spurðu hvort ég gæti sent stelpur heim til þeirra gegn þóknun. Ég geri ekki svoleiðis. Stelpurnar voru aldrei seldar inni á staðnum. Þær réðu hvað þær gerðu eftir vinnu, en oftast vildu þær bara fara heim til að hvíla sig svo þær gætu komið aftur í vinnu daginn eftir til að þéna meiri pening. Að vera nektardansmæ er erfitt starf. Þetta eru ekki einhverjar heimskar þíur heldur þurfa þær að geta talað við hvern sem er um hvað sem er. Þær þurfa að brosa og vera ánægðar, sama hvað gengur á í þeirra einkalífi. Ég hafði stundum áhyggjur af þeim, hvað þær væru að gera eftir vinnu, en ég fullvissaði mig um að ég væri ekki með neina krakka í vinnu heldur sterkur, klárar konur,“ segir Jaroslava. Þá liggur beinast við að spyrja hana hvað henni finnst um vændi. Á hana kemur fát og hún hvorki styður það né er á móti því.

„Mér finnst að vændiskonur eigi að ákveða sjálfar að þær ætli

að vinna í vændi og þurfa að vilja það. Þær þurfa að vera klárar í kollinum og eiga hús og bíl. Hinar eru bara hóru. Það er munurinn á vændiskonu og hóru.“

Jaroslava segist fá alls kyns skrytnar spurningar, bæði nú og þá, vegna hjónabands hennar og Geira og rekstrar súlustaða. Stundum koma þessar spurningar frá bláókunnugu fólki en Jaroslövu er sama um hnýsnina. Hún segist vera sem opin bók og það sé lítið sem komi henni í uppnám í þeim efnum. En hver er þá skrytnasta spurningin sem hún hefur fengið á ferlinum?

„Hvort ég hafi einhvern tímann selt mig. Ég svaraði þessari spurningu ekki einu sinni. Ég held að fólk haldi að það geti spurt mig að hverju sem er því ég er ekkjan hans Geira og hef rekið Goldfinger. Stundum spyr ég einfaldlega hvort það standi „pimp“ á bakinu á mér því fólk lítur oft á mig eins og maddömu.“

### Karlmenn eiga að vera karlmenn

Talið berst að Metoo-byltingunni og femínisma. Jaroslava segist ekki vera femínisti og er að eigin sögn frekar gamaldags í hugsun þegar kemur að kynjahlutverkunum.

„Karlmenn eiga að vera karlmenn. Konur geta ekki verið karlmenn. Karlmenn eiga að vera einu „leveli“ hærra en konur. Ef kona vill að karlmaður geri allt fyrir sig þá verður hún að sýna honum virðingu í staðinn fyrir að nöldra í honum að gera húsverkin. Karlmenn á móti eiga að sýna konum virðingu. Kannski er gott að það er ekki allt jafnt. Fólk á að virða hvert annað – sama hvort kynið er.“

En hefur hún aldrei verið hrædd á Goldfinger?

„Jú, það hefur komið fyrir, en ég læt ekki bera á því. Ég varð að sýna fólki að ég væri sterk til að öðlast virðingu þess. Þegar Geiri dó þurfti ég að ákveða hvort ég ætlaði að gefast upp eða halda áfram. Ég valdi að halda áfram.“

Við Jaroslava kveðjumst að sinni. Tilhlökkun vegna kveðjuhófsins á laugardaginn umlykur hana og hún hræðist ekki framtíðina.

„Það sem gerðist í gær er búið á morgun. Ég tek bara einn dag í einu, eitt skref í einu og kem í heimsókn á Goldfinger ef mér leiðist.“ ■

**Rúbín**

**JÓLA KAFFI**

Fínmalad og kaffibaunir

Jólin eru tíminn til að leyfa sér það besta, Rúbín jólakaffið er sannkallaður munaður og hreinn unniður að njóta

KAFFIBRENNSLAN AKUREYRI



# Sérblað

13. desember 2019

Ábyrgðarmaður: Kolbrún Dröfn Ragnarsdóttir / kolla@dv.is Umsjón: Jóhanna María Einarsdóttir / johanna@dv.is



SECURITAS:

## Öryggishnappur Securitas – Öryggi þegar á reynir

Elsa ásamt hópi öryggisráðgjafa sem sinna málefnum hnappþega / Mynd: Eybór Árnason

Öryggishnappur Securitas er hjálpartæki sem eykur öryggi fólks innan veggja heimilisins, en með notkun hans er fljótlegt og auðvelt að gera viðvart ef eitthvað kemur upp á.

### Öryggi öllum stundum

Að hlakka til morgundagsins og horfa björtum augum á það sem er framundan er ofarlega í hugum allra. Flest langar okkur til að eiga ánægjulegt líf með ástvinum, ættingjum og vinum. Það að horfa á börnin sín og barnabörn vaxa og verða að fullgildum meðlimum samfélagsins veitir okkur ómælda ánægju og hugarró. Íbúum á besta aldri á Íslandi mun á næstu árum fjölga mikið. Hluti af þessum hóp verður líkamlega vel á sig kominn og mun geta notið lífsins til fulls þrátt fyrir hækkandi aldur. Þessi virki hópur vill hafa áhrif á sitt líf, áhugamál og samfélagsleg verðmæti. Hluti þessa hóps mun þurfa meiri aðstoð en vill á sama hátt og aðrir geta haft áhrif á líf sitt.

„Það er sama hvar einstaklingar eru staddir á lífsleiðinni, hvort viðkomandi er orðinn aldraður eða býr við skert lífsgæði, þá vilja allir vera öruggir á heimilum sínum,“ segir Elsa Einarsdóttir, sölustjóri Securitas. „Vegna líkamlegra breytinga sem fylgja hækkandi aldri, skertri heilsu eða hreyfifærni skerðist jafnvægi fólks og viðbrögð verða seinni. Aðstandendur þessa hóps hafa oft verulega áhyggjur af fólkinu sínu, jafnvel þeim sem eru við góða heilsu. Þeir vilja draga úr óhöppum og slysum og auka öryggi síns fólks sem frekast er unnt. Með aðgát og

fyrirbyggjandi aðgerðum á heimilinu er hægt að draga úr slysum og óhöppum eldri einstaklinga og þeirra sem búa við skerta getu,“ segir Elsa.

### Öryggishnappur Securitas

„Öryggishnappurinn gagnast vel þegar að hnappþegi dettur, veikist skyndilega eða þarf aðstoð vegna líkamlegra einkenna án tafar. Um leið og ýtt er á hnappinn opnast talsamband við sérþjálfað starfsfólk á stjórnstöð Securitas,“ segir Elsa.

Viðbrögð frá öryggishnöppum eru flokkuð sem forgangsboð og þeim er sinnt án tafar. Öryggisverðir Securitas bregðast við boðunum, koma á staðinn, grípa til þeirra aðgerða sem þörf er á hverju sinni. Öryggisverðir Securitas eru vel þjálfðir í öllum viðbrögðum, margir þeirra hafa menntun sjúkraflutningamanna sem gerir þá sérstaklega hæfa til að aðstoða hnappþega í neyð. Þessi sérstaka þjálfun öryggisvarða Securitas er lyklatríði fyrstu mínútur eftir að kallað hefur verið á aðstoð, rétt og fljótt viðbragð hefur mikil áhrif á þann tíma sem endurhæfing tekur til að komast aftur af stað ef óhapp á sér stað. Þetta viðbragð getur í einhverjum tilvikum skilið milli lífs og dauða. „Securitas er með 12 bíla í hverfum borgarinnar, sem allir eru til taks allan sólarhringinn alla daga ársins,“ segir Elsa. „Það er alltaf stutt í næsta bíl og öryggisvörð sama hvar hnappþeginn býr og því er hjálpin fljót að berast.“

Öryggishnappurinn er borinn um háls eða um úlnlið eftir því hvað hverjum og einum þykir þægilegt. Tæknimenn Securitas setja allan

búnað upp og kenna á hnappinn. „Það er afar einfalt að nota hnappinn, ýtt er á hnappinn og boð sendast til stjórnstöðvar Securitas og þá myndast talsamband stjórnstöðvar við hnappþegann,“ segir Elsa. Hnappþeginn getur gert vart við sig og upplýst um hvort aðstoðar er þörf eða ekki. Ef að ýtt er á hnappinn og ekki næst samband við hnappþega er tafarlaust sendur öryggisvörður á staðinn.

### Aukið öryggi með öryggiskerfi

Með öryggishnappnum er hægt að setja upp einfalt öryggiskerfi sem eykur enn á öryggi hnappþega og aðstandenda hans. Reykskynjarar ásamt vatnsskynjurum eru oft nauðsynleg öryggistæki hjá þeim sem glíma við t.d. minnisleysi og elligliöp. Einnig er hægt að setja upp hreyfiskynjara sem nema óeðlilega umgengni í húsnæðinu og láta vita þegar slíkt gerist. Öryggiskerfi sem bjóða upp á app fylla aðstandendur ró um að allt sé í lagi hjá ættingjum sínum. Kostnaðurinn við slík öryggiskerfi er sáralítill þegar horft er til gagnsemi þeirra og öryggis þeirra sem maður elskar.

Lyklar að heimilum hnappþega eru geymdir í öruggum geymslum í stjórnstöð Securitas. Þegar öryggisvörður fer í útkall til hnappþega er ástand hnappþega metið, kallað er á sjúkrahús ef þess gerist þörf, haft er samband við ættingja og hnappþega sinnt eins alúðlega og hægt er.

Hnappþegar Securitas eru heimsóttir tvisvar sinnum á ári. Í þeim heimsóknum er gengið úr skugga um að allur búnaður virki sem skyldi

og upplýsingar um breytingar á heilsufari og því tengdar eru skráðar. Þessar upplýsingar nýtast vel ef hnappþegi þarf að fara á sjúkrahús, þá verður öll meðferð skilvirkari og hægt er að bregðast skjótt við í alvarlegum atvikum.

### Sjúkratryggingar Íslands og öryggishnappur

Sjúkratryggingar Íslands niðurgreiða mánaðargjöld vegna öryggishnapps hjá þeim sem uppfylla ákveðin skilyrði. Í þeim tilfellum sendir læknir viðkomandi einstaklings læknisvottorð til Sjúkratrygginga. Eftir samþykkt niðurgreiðslunnar velur hnappþegi þjónustufyrirtæki. Securitas á farsælan feril í þjónustu og aðstoð við hnappþega í tugi ára, og þjónustar í dag á þriðja þúsund hnappþega. Hnappþegar Securitas eru afar ánægðir með þjónustuna og viðbragðið.

Öryggishnappurinn er þó ekki eingöngu fyrir þá sem njóta niðurgreiðslu Sjúkratrygginga Íslands. Allir geta fengið öryggishnapp sem þess óska.

Það er einfalt að sækja um öryggishnapp, það er eitt símtal til Securitas sem tekur við beiðninni og meðhöndlar hana þar til að hnappurinn hefur verið settur upp hjá viðkomandi.

### Í öruggum höndum með Securitas

Með öryggishnapp Securitas er þeim sem eldri eru eða þeim sem ekki njóta fullrar færni, veittur farsæll tími, tími sem þeir geta notið með fjölskyldu, ættingjum og vinum, tími til að njóta afmælisdaganna og að vera með elskunni sinni heima hjá sér. Öryggishnappur Securitas er öruggt skjól þegar á reynir.





Mynd: Eyþór Árnason



# Ungbarnasund á Reykjalundi í Mosfellsbæ og líkamsrækt í Ásgarði í Garðabæ

**U**ngbarnasund er eitt það fallegasta sem foreldri og barn geta upplifað saman snemma á ævi barnsins," segir Ólafur Ágúst Gíslason, íþrótt- og ungbarnasundkennari. „Ungbarnasund er skemmtileg leið til þess að tengjast ungbörnum sínum og auka öryggi þeirra í vatni. Í mörgum tilfellum hefur ungbarnasundið fyrirbyggjandi áhrif á vatnshræðslu. Enn fremur hjálpar það foreldrum að umgangast börnin á öruggan hátt í vatninu og auka traust beggja aðila, foreldris og barns.

Þetta er raunar eins og fyrsta líkamsrækt barnsins. Vatnið gefur öðruvísi eftir en andrúmsloftið og veitir meira viðnám sem orsakar meiri áreynslu fyrir barnið, eykur styrk þess og jafnvægi. Við áreynsluna eykst hjartsláttur og öndun og því styrkjast bæði hjarta og lungu við hreyfinguna. Við þekkjum það sjálf að eftir góða æfingu eða áreynslu líður okkur betur og líkamleg þreyta er alltaf góð. Vatnið örvar líka barnið, eykur einbeitingu og styrkir ónæmiskerfið. Útkoman er í langflestum tilfellum að barnið sefur og borðar betur og líður almennt betur. Ávinningurinn er eiginlega með ólíkindum," segir Ólafur. Námskeiðin eru haldin tvisvar í viku, á þriðjudögum og föstudögum, í Reykjalundi.

## Óskastund með fjölskyldunni

„Ég hef haldið námskeiðin í hartnær 18 ár hér heima en ég byrjaði í Ósló vorið 2000 og á Reykjalundi 2001. Það myndast alltaf ánægjuleg stemning í sundinu. Fæstir eru að drífa sig heim eftir heldur staldra við, fara í pottinn með börnin og spjalla saman. Við það myndast kunningskapur þar sem fólk miðlar reyndu sinni, en oft er fólk svo að koma með annað og þriðja barn í námskeiðin því það tókst svo vel með það fyrsta," segir Ólafur.

## Ávinningur af ungbarnasundi:

- Jákvæð áhrif á barnið sem einstakling.
- Styrkir ónæmiskerfið, hreyfifroska, líkamsvitund og sjálfssímynd.
- Áhersla á leik, samspil foreldra og barna, líkamssnertingu og augnsamband.
- Eykur einbeitingu, aga og aðlögunarhæfni.
- Foreldrar kynna öðrum foreldrum og börnin venjast samskiptum við aðra.
- Ánægjuleg og hamingjurík stund án utanaðkomandi truflunar.
- Ungbarnasundið er einstakt og gott örvunarumhverfi á fyrstu mánuðum barnsins.
- Óskabyrjun í upphafi sálar- og líkamsþroska barna.
- Samkvæmt rannsóknum stuðlar ungbarnasund 1–2 í viku að betri svefni, matarlyst og betra skapi meðan á námskeiðinu stendur.

## Líkamsrækt B&Ó

Ólafur er menntaður íþróttakennari og starfaði í Garðaskóla í Garðabæ frá 1980–2018. Frá 1989 hefur hann verið með námskeið við Líkamsrækt B&Ó í Ásgarði í Garðabæ. „Við erum með þetta saman, ég og Elín Birna Guðmundsdóttir, sem er íþróttakennari að mennt. Birna sér um að kenna konunum sem eru 70 talsins. Sjálfur er ég með líkamsræktarnámskeið fyrir um 70 karla á mjög breiðu aldursbili. Sá yngsti er 25 og sá elsti er 83 ára," segir Ólafur og bætir við að það séu þrennir feðgar saman í öðrum hópnum!

30 ára afmæli B&Ó. Ólafur og Birna við fána líkamsræktarinnar, 29. apríl, 2019.

„Tímarnir samanstanda af fjölbreyttum líkamsæfingum. Hver og einn ræður sínum hraða. Tímarnir byggja á upphitun, lóðæfingum, tvímenningæfingum eða fjölbreyttri stöðvafjálfun í hálf tíma þar sem er af ýmsu skemmtilegu að taka. Einnig



Mynd: Eyþór Árnason

spilum við körfubolta. Karlarnir komast oft í mikið keppnissskap við það og er fátt skemmtilegra en að sjá unglíngana brjóta fram hjá þeim. Í lokin er teygt vel á og hangið í rimlunum. Flestir skella sér svo í laugina eða heita pottinn til að spjalla og ræða úrslitin í körfuboltanum. Þeir allra hörðustu fara í þann kalda eftir á," segir Ólafur.

Stöðvafjálfun hjá körlunum í B&Ó.

## Félagsskapurinn skiptir máli

Námskeiðin snúast ekki eingöngu um líkamlega áreynslu heldur finnst Ólafur mikilvægt að virkja félagslega þáttinn. „Þetta er 50% líkamsrækt og 50% félagsskapur sem gerir þetta að miklu meira en bara líkamsrækt. Við höldum stórskemmtilega haustfagnaði, förum saman í jeppaferðir og gönguferðir. Þá hefur skapast sú hefð að halda helgistund í Mariuhellum í Heiðmörk á aðventunni eftir klukkustundar gönguferð," segir Ólafur. „Í apríl héldum við svo upp á 30 ára afmæli Líkamsræktarinnar á Laugarbakka með um 100 manns."

Helgistund í Mariuhellum. Ungbarnasund Óla Gísla



fer fram í innisundlaug endurhæfingarmiðstöðvarinnar að Reykjalundi. Næsta námskeið byrjar þriðjudaginn 14. janúar.

Líkamsrækt B&Ó er staðsett íþróttamiðstöðinni Ásgarði í Garðabæ og hefst vörnámskeiðið mánudaginn 6. janúar. Tímar hjá körlunum eru á mán. og mið.

Allar nánari upplýsingar má nálgast á líkamsrækt.is

Sími: 847-2916

Netfang: oligisla@hotmail.com og oligisla@ungbarnasundolagisla.is





## NÝTT Á ÍSLANDI: Búlgörsk fegurðarleyndarmál afhjúpuð

**R**ósaolía er víða notuð í snyrtivöruiðnaðinum vegna undraverðra eiginleika sinna og guddómlegs náttúrulegs ilms. Í rósaolíu eru ýmis vítamín, steinefni og andoxunarefni sem hvert og eitt vinnur gegn ýmsum vandamálum í húð og hári. Olían er náttúrulega rakagefandi, mild og góð fyrir húðina, vinnur gegn hrukkmyndun og eykur kollagenmyndun húðarinnar. Hún er einnig oft notuð til þess að vinna gegn blettum, litabreytingum, örum, baugum og mörgu fleiru. Fólk sem á í hvers konar húðvandamálum hefur lofað vörurnar í hástert en olían hjálpar meðal annars til við að vinna gegn exemi. Einnig er hún afar góð fyrir hárið og líkamann allan.

Bulgarian Rose Iceland er stoltur umboðsaðili Bulgarian Rose-varanna. Við höfum fengið frábærar viðtökur frá því byrjuðum að selja vörurnar þann 17. júní við Laugarveg 51. Stuttu síðar opnuðum við vefverslunina bulgarianrose.is. Bulgarian Rose framleiðir hágæðavörur á afar viðráðanlegu verði. Okkar helsu viðskiptavinir hafa hingað til mest verið einstaklingar en vegna aukinnar eftirspurnar erum við nú að taka inn nýjar vörur og fara meira út á heildsölumarkaðinn. Þá verða Bulgarian Rose-vörurnar sem og aðrar vörur frá okkur fáanlegar á enn fleiri sölustöðum á nýju ári.

**Bulgarian Rose: Stolt Búlgaranna**  
Bulgarian Rose Karlovo hefur verið

stærsti framleiðandi rósaolíu í heiminum síðan 1948. Bulgarian Rose-vörurnar eru unnar úr lífrænt ræktuðum rósum af tegundinni Rosa Damascena Mill, sem er þekkt

fyrir að gefa af sér rósaolíu í hæsta gæðaflokki. En tegundin vex víða í Búlgariu og nágrannalöndum. Vörurnar eru lífrænt vottaðar og ekki prófaðar á dýrum.

**Við hjá Bulgarian Rose Iceland mælum sérstaklega með þessum vörum í jólapakkann**

Bulgarian Rose setti nýverið nýja línu á markað sem er sérhönnuð fyrir karlmenn. Þar á meðal er frábært rakagefandi andlitskrem fyrir karlana til að nota kvöld og morgna. Virk efni eru meðal annars rósaolía, rósavatn, hýalúrónsýra og fleira.

Lavender and Honey-línan frá Bulgarian Rose hefur verið afar vinsæl upp á síðkastið enda stútfull af E-vítamíni og öðrum frábærum virkum efni sem gefa góðan raka og auka teygjanleika í húðinni. Gjafasettin með andlitskreminu og handkreminu hafa rokið út enda góðar vörur á frábæru verði.

Lavender og Honey Body Butter fyrir líkamann er einnig frábær vara. Gefur góðan raka, mýkir og eykur teygjanleika. Inniheldur engin paraben.

Rose Berry Nature ilmrúllan lýktar unaðslega og er handhæg í veskið. Frábært fyrir þær sem eru alltaf á ferðinni og vilja lykta vel, hvar sem er og hvenær sem er.

Einnig höfum við verið að taka inn frábærar vörur frá fleiri fyrirtækjum. Ein af þeim vörum er Collagen Lip Plumper varamaskinn. Um er að ræða spennandi valkost fyrir þau sem vilja þykkari og þrýstnari varir. Maskinn er afar rakagefandi og varinnar verða silkimjúkar eftir á og eftir nokkur skipti er vel sjáanlegur munur á vörunum.

**Bulgarian Rose fæst í vefversluninni bulgarianrose.is og að Laugarvegi 51, sama verslunarhúsnæði og 24 Iceland.**



  
**BULGARIAN ROSE**  
KARLOVO  
ICELAND







Kay ástarfuglarnir, ávallt vinsæl gjöf.



# Þú finnur jólagjafirnar í Kúnígúnd

**N**ú þegar líður á desember eru margir á yfirsúningi við að finna til jólagjafir handa fjölskyldu og vinum. Við tókum saman nokkrar jólagjafahugmyndir sem allar eru fánlegar í verzluninni Kúnígúnd í Kringlunni. Þannig ættu allir að fá þá eitthvað fallegt.

## **littala Ultima Thule-línan**

littala-vörurnar ættu allir að þekkja og hafa þær reynst afar vel sem jólagjafir. Ultima Thule-línan er einstök og falleg en margir hafa safnað henni lengi og jafnvel erft í safnið frá ömmu. Ennþá bætast nýjar vörur inn í Ultima Thule-línuna og því má stöðugt á sig blómum bæta.

## **Royal Copenhagen í safnið**

Það getur tekið langan tíma að koma sér upp góðu matarstelli sem endist lengi. Það er því mörgum

kærkomið að fá fallega gripi í safnið, hvort sem það er sósubátur eða þessir tveir matardiskar sem vantaði í safnið. Hafið í huga hvort þiggjandi er að safna Blomst-línunni, Black Mega eða Blue Fluted-línunni. Mynstrin eru mörg en margir blanda þeim saman.

## **KitchenAid-aukaskálar**

Það eru ekki margir sem stunda það að safna sér hrærivélum í mismunandi litum nema þá kannski þeir sem vinna við bakstur. En fallegar keramikskálar á KitchenAid-hrærivélina poppa upp útlitið og eru fullkomnar gjafir fyrir ánægða KitchenAid-eigendur. Skálarnar fást í mörgum litum og mynstrum og kosta aðeins 13.990 krónur.

## **Kay-ástarfuglarnir**

Fallegu viðardýrin frá Kay Bojesen eru ótrúlega falleg gjöf sem er gerð til

þess að endast. Svörtu ástarfuglarnir eru ný og vinsæl vara sem eru tilvalin jólagjöf, til dæmis fyrir parið sem er nýfarið að búa saman.

## **Georg Jensen-framreiðsluáhöld: jólatilboð**

Hver væri ekki ánægður með vandaða gjöf sem bæði er paktísk og falleg? Framreiðsluáhöld frá Georg Jensen eru gjöf fyrir þá sem borða með augunum. Framreiðsluáhöldin eru á mjög hagstæðu jólatilboði í desember á aðeins 6.995 krónur í stað 10.590.

## **Damask-viskastykki**

Georg Jensen Damask-viskastykkin eru frábær smærri jólagjöf fyrir þá sem eiga allt, því það má alltaf finna not og stað fyrir vonduð viskastykki. Þau fást í mörgum mynstrum og litum svo þú ættir að finna eitthvað við allra hæfi.



## **Peugeot-salt- og piparkvarnir**

Hágæða salt- og piparkvarnir eru nauðsynlegar fyrir áhugakokkinn í fjölskyldunni. Fallegt á borði og svo vita allir sem elda að nýmaladur svartur pipar og flögusalt gera gæfumuninn fyrir bragðlaukana.

## **Le Creuset-skaftpottur**

Skaftpotturinn frá Le Creuset er lífstíðareign úr steypujárni. Einstaklega fallegir pottar í góðri stærð sem leiða og halda hita vel. Fánlegir í nokkrum litum.

Komdu í Kúnígúnd í Kringlunni eða á Glerártorgi, eða skoðaðu úrvalið í vefverslun Kúnígúndar [kuningund.is](http://kuningund.is).





# SNJÓRINN ER KOMINN!

FYRSTA OPNUN VETRARINS  
UM HELGINA



# 20%

## AFSLÁTTUR

AF VETRARKORTUM  
TIL ÁRAMÓTA FYRIR  
ALLA FJÖLSKYLDUNA

Til að fá fjölskylduafsláttinn þarft þú að kaupa  
að lágmarki vetrarkort fyrir 1 fullorðinn auk  
vetrarkorts fyrir 1 unglíng eða barn.

Einnig fánleg **1–3 daga kort** í brekkurnar.  
Tilvalin jólagjöf skíða- og brettafólks!

Nánar á [skidasvaedi.is](http://skidasvaedi.is) / Sími 530 3000

 /skidasvaedin

 #bláfjöll

  
**SKÍÐASVÆÐIN**



# HEFUR ÞÚ ÞÖRF FYRIR ÞRIF

Fyrirtæki og húsfélög, gerum  
tilboð ykkur að kostnaðarlausu

Þjóðum sérhæfða þjónustu fyrir  
íbúðir í skammtímaleigu







Myndir: Eyþór Árnason



LEÐURVERKSTÆÐI REYKJAVÍKUR:

# Frábærar jólagjafir úr ekta, handunnu leðri

Sögu Leðurverkstæðisins Reykjavík má rekja aftur til ársins 1937 þegar opnað var leðurverkstæði í bakhúsi að Víðimel 35 í Vesturbænum. Sigurjón Kristensen er annar eigenda fyrirtækisins í dag en hinn er Arne Friðrik Karlsson. Í dag er Leðurverkstæðið staðsett að Síðumúla 33 í glæsilegu húsnæði.

Sigurjón kynntist leðuriðjunnungi árum í Vesturbænum: „Ég er eiginlega alinn upp þarna að Víðimel 35 þar sem leðurverkstæðið var í bakhúsi og var alltaf að skottast þarna inni á verkstæðinu. Það var stjúpafrí minn sem rak þetta allt til ársins 1982 en þá tók sonur hans við. Ég og Arne Friðrik keyptum síðan fyrirtækið af þeim hjónum árið 2014,” segir Sigurjón.

## Íslensk framleiðsla

Tímamót urðu í sögu fyrirtækisins þegar opnað var leðurvöruverslun að Síðumúla 33 þar sem verkstæðið er til húsa í dag. „Þetta var alltaf framleiðslufyrirtæki sem seldi í verslanir og heildsölu. Við gerum það eitthvað áfram en leggjum núna áherslu á okkar eigin verslun. Við erum að breikka vöruvalið en núna eru flottar leðursvuntur, til dæmis grillsvuntur, mjög vinsælar. Þær henta líka vel fyrir veitingastaði. Þá er gott úrval af leðurbeltum og axlaböndum. Þetta eru frábærar jólagjafir handa karlmönnum, á finu verði, úr úrvalsleðri og allt unnið hér á verkstæðinu.

Við erum líka með ýmsar aðrar vörur, til dæmis finni belti, svokölluð full-grain-beltil, þar sem leðrið er eins og það kemur af skepnunni, fjögurra millimetra þykkt og

handunnið. Þetta er gott að gefa í jólagjöf en ekki er þó hægt að fá það í lengdum heldur kaupir sá sem gefur gjöfina leðurreimina og sylgjuna en þiggjandi gjafarinnar kemur síðan með hana til mín og ég klæðskerassið beltið á hann á meðan hann bíður.”

Starfsemin er afar fjölbreytt en leður er rauði þráðurinn. Þeir sem hafa áhuga á að skoða fallegar jólagjafir úr ekta leðri ættu að kíkja í Leðurverkstæðið Reykjavík að Síðumúla 33. Einnig er forvitnilegt að skoða heimasíðu leðurverkstæðisins, lvr.is.

Nánari upplýsingar má finna á lvr.is. Facebook: Leðurverkstæðið Reykjavík. Leðurverkstæðið Reykjavík er til húsa að Síðumúla 33.





# SAKAMÁL



# SAKLAUS Í SAUTJÁN ÁRA PRÍSUND

■ Foreldrar Martins voru myrtir ■ Hann taldi sig vita hver var sekur ■ Talaði fyrir daufum eyrum

**M**aður er nefndur Martin Tankleff, sem kallaður var Marty af þeim sem til hans þekktu. Marty kom í heiminn á Long Island í New York 29. ágúst á því herrans ári 1971.

Af bernsku Martys segir fátt en eitt hafði þó áhrif á allt hans líf og það var dauði foreldra hans, Seymours og Arlene, árið 1988. Þann 7. september, það ár, þegar Marty var 17 ára, kom hann, að eigin sögn, að móður sinni látinni og föður sínum vart með lífsmarki. Höfðu þau bæði verið stungin ítrekað með eggvopni.

Marty hringdi umsvifalaust á Neyðarlínuna og gerði hvað hann gat til að halda lífi í föður sínum.

## Marty grillaður

Þegar lögreglan kom á heimili Tankleff-fjölskyldunnar upplýsti Marty hana um þann sem líklega bæri ábyrgð á verknaðinum. Taldi Marty lítinn vafa á að þar væri um að ræða viðskiptafélaga Seymours, Jerry Steuerman, en þeir áttu og ráku beyglubakarí.

Sagði Marty að meðeigandinn skuldaði föður hans hálfu milljón dala og hefði nýlega hóttað Seymour og Arlene öllu illu. Að auki hefði hann farið, síðastur



Fórarlömbin Tankleff-hjónunum var ráðinn bani með hrottalegum hætti.

gesta, af heimili Tankleff-fjölskyldunnar kvöldið áður.

Næstu viku gerðist ýmislegt. Faðir Martys lá meðvitundarlaus á sjúkrahúsi og viðskiptafélagi hans setti á svið eigin dauða, dulbjó sig og fór til Kaliforníu undir uppdiaktuðu nafni. Þrátt fyrir það beindist grunur lögreglunnar í Suffolk-sýslu aldrei að Steuerman en Marty var færður á lögreglustöð og grillaður þar.

## Rumskafi ekki

Það sem vakti grunsemdir lögreglunnar, að hennar sögn, var sú fullyrðing Martys að hann hefði steinsofið þegar ráðist var



Sekur Frá upphafi beindust sjónir lögreglu að Martin Tankleff.

á foreldra hans, þrátt fyrir að verksummerki sýndu að árásin hefði verið hrottaleg. Einnig taldi lögreglan að þær tilfinningar sem hann sýndi á vettvangi hefðu

Fjölskyldan Martin missti foreldra sína og 17 ár að auki.



ekki verið í samræmi við það sem hann stóð frammi fyrir.

Yfirheyrslur stóðu klukkustundum saman og Marty játaði, en sagði allar götur þaðan í frá að hann væri saklaus og játningin hefði verið fengin með þrýstingi og þvingunum. Játningin fékk að standa fyrir dómi þrátt fyrir fullyrðingar Martys, en hann neitaði alla tíð að undirrita játninguna.

## Uppdiaktað símtal

Að sögn hafði Marty verið alinn upp í trausti í garð lögreglunnar og ekki síður að trúna föður sínum. Við yfirheyrslu setti lögreglan á svið símtal og fullyrti að faðir Martys hefði verið á hinum enda línunnar, hann hefði komist til meðvitundar og sagt að Marty hefði ráðist á hann.

Við þessi tíðindi runnu tvær grímur á Marty og hann velti því fyrir sér hvort hann hefði hreinlega „dottið út“ og ráðist á foreldra sína með þessum hrikalegu afleiðingum.

Rannsóknarlögreglumenn drógu alls ekki úr þessum vangaveltum, ýttu frekar undir þær en hitt og, sem fyrr segir, játaði Marty á sig morðin. Þegar þarna var komið við sögu hafði faðir hans skilið við.

## Talaði fyrir daufum eyrum

Lyktir urðu þær að árið 1990, þegar Marty var 19 ára, var hann dæmdur til til fangelsisvistar. Hann fékk tvisvar sinnum 25 ára dóm. Marty hafði talað fyrir daufum eyrum. Enginn hafði áhuga á að vita hvernig rannsóknarlögreglumáður að nafni McCready hafði þrýst á hann, skrifað játninguna og reynt árangurslaust að fá Marty til að skrifa undir hana.

Enginn vildi velja fyrir sér af hverju Jerry Steuerman hafði sviðsett eigin dauða, dulbúið sig og lagt á flotta með nýtt nafn. Nú eða þeirri staðreynd að Steuerman hafði síðastur manna séð foreldra Martys á lífi og skuldaði í þokkabót föður Martys fúlgur fjár.

## Umdeildur vinskapur

Árið 2004 fóru lögfræðingar Martys fram á ný réttarhöld og byggðu kröfu sína á nýjum sönnunum. Marty sagði að umræddar nýjar sannanir sýndu að glæpamenn á vegum Steuerman hefðu myrt foreldra hans.

Einnig voru lagðar fram sannanir, sem saksóknari gat ekki hrakið, þess efnis að rannsóknarlögreglumáðurinn sem leiddi rannsókn á málinu á sínum tíma væri vinur og fyrverandi viðskiptafélagi Steuerman. Það gekk þvert á vitnisburð umrædds rannsóknarlögreglumanns við fyrstu réttarhöldin. Einnig kom fram að rannsóknarlögreglumáðurinn hafði gerst sekur um meinsæri í öðru morðmáli.

## Sleppt gegn tryggingu

Ekki riðu lögfræðingar Martys feittum hesti frá sinni umleitun, Marty var áfram á bak við lás og slá og árin liðu. Það gerðist síðan árið 2007 að áfrýjunardómstóll New York ákvað að endurskoða málið og í desember það ár var sektardómi Martys snúið, ný réttarhöld heimiluð og, þann 27. desember, Marty sleppt gegn tryggingu.

Þann 29. desember birtist frétt í New York Times þar sem fram kom að New York-fylki hefði hafð opinbera rannsókn á vinnubrögðum löggæslunnar í Suffolk-sýslu og framgöngu hennar í rannsókn á morðunum á Tankleff-hjónunum.

## Frelsi og síðbúnar bætur

Saksóknari Suffolk-sýslu tilkynnti 2. janúar, 2008, að ekki yrði réttað yfir Martin Tankleff. Í janúar, árið 2014, dró aftur til tíðinda þegar New York-fylki greiddi Marty 3,3 milljónir dala í bætur fyrir þau 17 ár sem hann sat í prisund.



Jerry Steuerman sat eiðsvarinn fyrir svörum vegna málsins árið 2013 og beitti fyrir sig fimmta stjórnarskrárákvæðinu oft en 140 sinnum, til að forðast sjálfsásökun um refsivert athæfi. Þannig er nú það. ■

**Jólagjöfin fyrir gæludýrið fæst hjá okkur**

**gæludýr.is**

Fiskislóð • Bildshöfði • Smáratorg • Helluhraun  
www.gaeludyr.is









# Slysið hafði gríðarlega áhrif á Elísabetu II

Ein stærsta eftirsjáin í lífi hennar Börnin grófust undir

Hörmungin í Aberfan  
Elísabet II  
heimsækir  
slystaðinn.

Kristján Kristjánsson  
ritstjorn@dvis



Það sem ekki mátti gerast gerðist klukkan 9.15 þann 21. október 1966 í litla bænum Aberfan í suðurhluta Wales. Dagurinn byrjaði eins og flestir aðrir dagar. Börnin fóru í skólann og foreldrarir héldu til vinnu en margir þeirra störfuðu í kolanámu bæjarins. Sólin lét sjá sig og allt stefndi í góðan haustdag en þá varð slysið sem hefur alla tíð síðan sett mark sitt á bæinn og Elísabetu II.

Á fjallstopp í nágrenni við bæinn höfðu kolanámumenn safnað saman miklu magni af aur og öðrum úrgangi frá kolanámunni. Fjallstoppurinn með öllum þessu úrgangi tróndi yfir bænum eins og nokkurs konar virki. Óveður hafði geisad þann 20. október og hafði það valdið því að haugurinn á fjallstoppinum var orðinn mjög óstöðugur. Það sem ekki mátti gerast gerðist því klukkan 9.15. Haugurinn hrundi niður og rann yfir bæinn með hörmulegum afleiðingum; 116 börn og 28 fullorðnir létust. Um leið og fréttist af skriðunni þyrptust bæjarbúar á staðinn til að reyna að bjarga börnum sínum og vinum upp úr blöndu af blautum kolum, jarðvegi og eitruðum gastegundum.

Elísabet II frétti fljótlega af slysinu og næstu daga var hún í forsvari fyrir syrgjandi þjóð. Hún þótti standa sig vel en því

hefur einnig verið haldið fram að ákveðnar ákvarðanir í öllu ferlinu séu meðal þess sem hún sér mest eftir í lífinu. Breskir fjölmiðlar, þar á meðal The Guardian og Town and Country Magazine, fjölluðu nýlega um þennan hörmulega atburð í tengslum við að þriðja þáttaröð „The Crown“ var tekin til sýninga á Netflix en þáttaröðin fjallar um Elísabetu II.

## Börnin grófust undir

Ekkert stöðvaði skriðuna þegar hún var farin af stað. Hún jafnaði tvo sveitabæi við jörðu áður en hún lenti á Pantglas-grunnskólanum. Kol og jarðvegur braut rúður skömmu eftir að fyrsta kennslustund dagsins hófst og gleypti alla birtu, líf og von. Íbúar bæjarins hófust strax handa við að grafa eftir börnunum með því sem var hendi næst. En því miður grófu þeir upp fleiri látin börn en lifandi. Jeff Edwards, sem var síðasta barnið sem fannst á lífi í skriðunni, sagði í samtali við BBC að hann hefði heyrt grát og öskur eftir að skriðan skall á skólanum. „En eftir því sem tíminn leið færðist sífellt meiri þögn yfir því börnin dóu. Þau grófust lifandi og súr-efnið þraut.“

Næstu daga fóru fjöldaútfarir fram í bænum og fjölmiðlar um allan heim fylgdust með. Stjórnálamenn og opinberir embættismenn voru sendir til bæjarins til að sýna bæjarbúum samhug og veita þeim stuðning.

Ein manneskja lét bíða eftir sér, það var Elísabet II. Átta dagar liðu þar til hún fór til bæjarins til að sýna bæjarbúum stuðning og til að sýna að henni stæði ekki á sama. Þá var búið að jarðsetja alla hina látnu og enduruppbygging bæjarins hafin.

Sir William Heseltine, fyrrverandi fréttafulltrúi drottningarinnar, sagði eitt sinn að hann teldi að heimsóknin til Aberfan hefði haft mikil áhrif á drottninguna. Það hafi verið eitt af fáum skiptum sem hún hefur fellt tár opinberlega. Ekki hefur verið staðfest að hún hafi grátid, en myndir náðust af henni þar sem hún virðist þerra tár. Í „The Crown“ er þetta þó túlkað öðruvísi og því haldið fram að þetta hafi verið sviðsett og að augu drottningarinnar hafi í raun verið „skraufaburr“.

„Eftir á að hyggja held ég að drottningin hefði viljað óska að hún hefði farið þangað miklu fyrr. Við lærðum nokkurs konar lexíu af þessu, að það verður að sýna samúð og vera til staðar. Það vill fólk að hún geri,“ sagði Heseltine.

Starfsfólk Elísabetar er sagt hafa lagt hart að henni að fara til bæjarins. Hún vildi ekki beina athyglinni frá því alvarlega ástandi sem ríkti í bænum og óttaðist að mannslíf myndu tapast ef fólk hætti að leita í skriðunni ef hún birtist skyndilega á vettvangi. Af þeim sökum var eigenmaður hennar, Philip prins, sendur einn til Wales í upphafi. Lord Snowden, eigenmaður Margrétar prinsessu, fór einnig

á vettvang. Í bréfi sem hann sendi eiginkonu sinni skrifaði hann meðal annars: „Elskan, þetta er það hryllilegasta sem ég hef upplifað.“

## Mikil eftirsjá

Í „The Crown“ og annarri umfjöllun um Elísabetu er því haldið fram að ákvörðunin um að fara ekki skjótt á vettvang í Aberfan sé eitt af því sem Elísabet sér mest eftir á fyrstu árum hennar sem þjóðhöfðingi. Þetta hefur hún að margra mati margoft sýnt því hún hefur oft heimsótt þennan litla bæ og gerir raunar enn. Heimsóknir hennar og sú athygli sem hún hefur veitt bænum í rúma hálföld er eitthvað sem bæjarbúar kunna vel að meta.

„Fólk hér lítur upp til hennar og finnst það svo sannarlega tilheyrja konungdæminu,“ sagði Coun Edwards, einn þeirra sem fundust á lífi í skriðunni, eitt sinn. Þegar þess var minnst 2016 að hálföld var liðin frá slysinu mikla sendi Elísabet öllum bæjarbúum persónulega kveðju. Í henni sagði hún meðal annars: „Ég man vel eftir heimsókn minni og prins Philips eftir slysið. Ég fékk gjöf frá lítilli stúlku. Á gjöfinni stóð: „Frá eftirlifandi börnum í Aberfan.“ Eftir þetta höfum við margoft komið í bæinn og höfum alltaf dáðst mjög að þeim ótrúlega styrk, reisn og ódreppandi anda sem einkennir íbúa bæjarins og næsta nágrennis.“ ■



EIGUM MARGA  
LITI Á LAGER

## ÁLKLÆÐNINGAR & UNDIRKERFI

HANNAÐ FYRIR  
ÍSLENSKT VEÐURFAR

Nánari upplýsingar á  
mt.is og í s: 580 4500





# ARGO FLUTNINGAR

Sími: 845 0900



## FLUTNINGAÞJÓNUSTA

milli Suðurnesja og  
höfuðborgarsvæðis

- ➔ Suðurnes
- ➔ Reykjavík
- ➔ Suðurnes

*Tvisvar  
á dag!*



# „Auðvitað var þetta galið og gat ekki gengið“

*Erfitt að aftengjast eignum – Skrifa óskalista, ekki þarfalista – Á aðfangadag fóru tæplega 200 hlutir af heimilinu – Ferðuðust til 16 landa á 16 vikum*

Íris Hauksdóttir  
iris@dv.is



Ágústa Margrét Arnardóttir, hönnuður og fyrrverandi sjómaður, hefur búið á Djúpavogi síðastliðna tvo áratugi þar sem hún rekur heimili með eiginmanni sínum, Guðlaugi Birgissyni, en saman eiga þau fimm börn. Ágústa sótti fyrst sjóinn fjórtán ára, þá á humartrolli en færði sig svo yfir á frystitogara fimm tán ára gömul. Eftir tólf ára farsælan feril sagði hún starfi sínu lausu og setti á stofn fyrirtækið Arfleið sem sérhæfði sig í hönnun og framleiðslu á töskum, fylgihlutum og fatnaði úr fiskroði og lamba- og hreindýraskinni.

Börnin fimm fæddust með stuttu milli-bili, fyrstu þrjú á þremur árum og síðari tvö bættust í hópinn fimm og sex árum síðar. Hún segir lífið hafa einkennst af mikilli þreytu og streitu en sjö ár eru nú liðin síðan fjölskyldan gerði allsherjar breytingu á lífnaðarháttum sínum. „Ég hélt alltaf að foreldrahlutverkið og heimilishaldið kæmi af sjálfu sér. Mitt plan var að vera skemmtileg, gera sniðuga hluti með börnunum, vera sanngjörn og þolinmóð mamma og þá yrðu börnin stillt og allt yrði frábært. En það bara gerðist ekki. Börnin fóru að sýna alls konar „óæskilega“ hegðun og þá fór ég að sýna sams konar hegðun á móti. Heimilislífið einkenndist oft – alls ekki alltaf – af streitu, þreytu og pirringi. Og skyldi engan undra. Samhliða því að hrúga niður börnunum og reka eigið fyrirtæki, þar sem ég sá um allt sem viðkom rekstrinum, sá ég oftast ein um heimilið og börnin. Á þessum tíma starfaði maðurinn minn sem sjómaður og í frítíma sínum kafaði hann undir bílaða báta við allt Austurland ásamt því að vera í slökkviliðinu. Ég sá það ekki þá en auðvitað var þetta galið og gat ekki gengið. Mér fannst við bara vera að lifa venjulegu lífi við að reyna að koma yfir okkur heimili, föstum tekjum og öryggi. Líf okkar einkenndist af ójafnvægi, togstreitu, þreytu og streitu sem oft birtist sem biturleik, pirringur og reiði sem dregur alvarlegan dilk á eftir sér. Streita hefur áhrif á alla í kringum okkur og sérstaklega börnin. Samfélagið er á hættulegum stað hvað varðar hraða,



Börnin við hringleikahúsið í Pula í Króatíu sumaríð 2019. Fjölskyldan safnar upplifun frekar en eignum.



Fjölskyldan í hellunum í Nerja á Spáni en þar dvaldi hún í 5 vikur í byrjun árs 2018.



Birgir í 2.000 metra hæð í Tatra-fjöllum. Þjóðgarðar og villt náttúran stendur upp úr hjá fjölskyldunni á ferðalögum. Allt í einu voru börnin orðin hindrun í því að ferðast og upplifa. Ágústa taldi þau of lítil og of mörg, en nú eru börnin hvatningin til að upplifa sem allra mest.



Bræðurnir Örn Þór og Birgir í fjölskyldusportinu sem þau byrjuðu að stunda fyrir tveimur árum.

kröfur og áreiti. Ég krassaði fyrir sjö árum sem varð til þess að ég VARÐ að hlúa betur að sjálfri mér.“

## Desember erfiður mánuður

Þrjú ár eru nú síðan önnur stór þáttaskil urðu í lífi fjölskyldunnar og áttaði Ágústa sig þá endanlega á mikilvægi þess að hlúa betur að fólkinu sínu og nærsumhverfi. „Ég ákvað að endurhugsa lífið. Fyrsta skrefið var að taka mér tíma og finna mín raun-

verulegu lífsgildi. Ég vildi finna skemmtilegu, sanngjörnu og þolinmóðu mömmuna og manneskjuna sem ég vil vera. Manneskjuna sem heldur kúlinu í stormum lífsins. En það er mér ofsalega erfitt því ég á það til að frjósa af áhyggjum ef ég er ekki í „varðturninum“ mínum, með fulla meðvitund. Þetta gerist sérstaklega þegar of mörg verk hanga yfir mér og þess vegna er desember erfiður mánuður.“

Ein af þeim fjölmörgu breytingum sem

Ágústa einsetti sér að gera, í von um að fyrirbyggja þetta hugarástand, var að einfalda líf hennar sem og fjölskyldunnar allrar. „Ég þurfti að hafa mikið fyrir því að „aftengjast“ eignum mínum og losa okkur við föt, leikföng, húsbúnað og alls konar. Þetta auðveldaði allt utanumhald og veitti mér frelsi. Ég skipulagði heimilið svo það hentaði okkur betur. Við erum ekki með „smartasta“ heimilið en það er bæði þægilegt og gott, sem skiptir meira máli. Ég ein-

## Húsfélagapjónusta

✓ Bókhald og fjármál  
✓ Húsfélagafundir

✓ MÍNAR SÍÐUR  
✓ Þjónustusaga húss  
✓ Önnur þjónusta

Leiðandi í hagkvæmni og rekstri húsfélaga

• EIGNAumsjón [www.eignausmsjon.is](http://www.eignausmsjon.is)  
Suðurlandsbraut 30 • Sími 585 4800



LAUGARDAGUR **14. DESEMBER** 14:00 & 16:00  
SUNNUDAGUR **15. DESEMBER** 14:00 & 16:00



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT  
ÍSLANDS

# JÓLA TÓNLEIKAR SINFÓNÍUNNAR

**S**annkölluð hátíðarstemning ríkir á Jólatónleikum Sinfóníuhljómsveitar Íslands þar sem gömul og ný jólatónlist verður flutt af hljómsveitinni ásamt fjölda ungra listamanna. Tónleikarnir hafa notið verðskuldaðrar hylli og eru á meðal vinsælustu tónleika sveitarinnar.

Kynnir á tónleikunum er trúðurinn Barbara, leikinn af Halldóru Geirharðsdóttur, sem tendrar ljós í hverju hjarta. Þetta eru tónleikar sem ekkert jólabarn má láta fram hjá sér fara. Tónleikarnir eru túlkaðir á táknmáli.

**Bjarni Frímann Bjarnason**  
hljómsveitarstjóri

**Trúðurinn Barbara**  
kynnir

**Hrafnhildur Árnadóttir Hafstað,**  
**Unnsteinn Manuel Stefánsson og**  
**Kolbrún Völkudóttir**  
einsöngvarar

**Stúlnakór Reykjavíkur**

**Litlu sprotarnir**  
táknmálakór

**Bjöllukór Tónlistarskóla**  
**Reykjanesbæjar**

**Dansarar úr Listdanskóla**  
**Íslands**

**Hörpuhópur**

**Blokkflautusveit Tónlistarskóla**  
**Árnesinga**

**Ungir trommuleikarar**



**TRYGGÐU FJÖLSKYLDUNNI SÆTI [SINFONIA.IS](https://www.sinfonia.is)**

Miðasala í Hörpu  
sinfonia.is  
harpa.is  
528 50 50



@icelandsymphony / #sinfó

Aðalstyrktaraðili :

**GAMMA**





Heimatilbúid Jólaskraut og gjafir.



Börnin í Berlín sumarið 2018. Við minnisvarða um gyðinga sem myrtir voru í Evrópu í helförinni. Að ferðast og upplifa staði og menningu hefur kennt börnunum ótrúlega margt.



Bókajóladagatal fjölskyldunnar.



Fjölskyldan bjó til gæðasvæði í garðinum þar sem þau kveikja varðeld, borða súpu, hálða afmæli, fara í stjörnuskoðun og fleira.



Skemmtilegur matur. Börn geta mun meira í eldhúsinu en við leyfum þeim og upplagt að búa til gæðastundir þar. Það dreifir álagi og ábyrgð og býr til góðar minningar.



Bræðurnir Birgir og Garðar Atli í „heita pottinum“ í kringum síðustu jóla. Þetta eru einfaldar og eftirminni- legar stundir.



faldaði líka matargerð. Hætti að eiga fullt af alls konar kryddi og í dag borðum mikið hrátt eins og grænmeti og ávexti eða foreldað eins og slátur, skinku, þurrkað kjöt, harðfisk, hnetur og þess háttar. Þetta minnkar eldamennsku og uppvas. Ég fór að huga að innkaupum út frá umbúðum, því pappakassar, eggjabakkar, plastumbúðir og skyrdósir eru að éta upp tíma og pláss í lífi okkar. Þetta sá ég ótrúlega vel fyrir síðustu jóla, en þá fórum við í mjög óhefðbundið jóladagatal.“

### Ferðast frekar en að safna eignum

Í nóvember á síðasta ári varð Ágústa vör við löngun barna sinna, sem eru á aldri 2, 5, 10, 11 og 13 ára, í að eignast jóladagatöl sem innihéldu ýmist leikföng eða snyrtivörur. Tilhugsunin ein og sér nægði til þess að hún fann til örmögnunar. „Já, ég bugaðist bara við tilhugsunina, einkum og sér í lagi hvað varðar kostnaðarhliðina á þessu sem og að fá mögulega 120 nýja smáhluti og tilheyrandi umbúðir inn á heimilið. Mig langar ekki að taka þátt í þessari neysluhegðun og vil ekki kenna börnunum mínum að hátíðirnar snúist um gjafir. Ég fór því í einhvern mótþróa og það börnin mín að samþykkja og taka þátt í jóladagatali sem snerist um að láta frá okkur einn hlut á dag frekar en fá einn hlut á dag. Krakkarnir tóku að sjálfsögðu misvel í þessa tegund jóladagatala, en samþykktu samt. Á aðfangadag fóru því 168 hlutir út af heimilinu.“

Sem betur fer áttum við smádót, kubba og töluvert af prjónadóti og garni. Að auki fengu gamlir fatapokar, sem höfðu aldrei ratað lengra en inn í geymslu, að komast í Rauða krossinn. Einstæðir sokkar fengu líka að fara sem og eldhúsáhöld sem til var fleira en tvennt af. Þetta tókst án þess að tæma húsið, langt því frá. Við losuðum okkur auðvitað ekki við það sem er okkur kærast eða það sem er í notkun. Suma dagana völdu krakkarnir eitthvað en aðra daga tók ég skurk á öllu.

Í ár finn ég að börnin mín eru nægusamari, þau taka dagatölum ekki sem sjálf-sögðum hlut. Það var í raun auðvelt að sannfæra þau um þetta af því að við erum með svo skýr lífsgildi. Við viljum ferðast, upplifa og skapa minningar frekar en safna eignum. Það er gríðarlega mikilvægt að vera með svona fjölskyldu-„stefnu“ og minna sig látaust á stóru draumana því það er svo ótrúlega fljótlegt að detta í neysluruglið, sérstaklega finn ég þetta hjá eldri börnunum því áreitið í samfélaginu



Inni-sköpunarsvæði.



Margt spennandi hægt að brasa inni.



Þrautabraut í stofunni. Heimilið er allt „lifandi“ og breytist mjög reglulega í þeim tilgangi að hafa gaman og gera eitthvað saman.

er svo mikið. Þau langar ekki að fá minna en hinir eða fá eitthvað hallærislegt en þau skilja þetta betur ef maður heldur lífsgildunum uppi og draumunum. Krafturinn í því að vera með skýra sýn og stefna að einhverju er öflugt tæki. Ég ætlaði mér alltaf til dæmis að ferðast með börnin mín, en svo fóru þau að verða hindrun fyrir því að við ferðuðumst, eins glórulaust og það hljómar. Þau voru bara of lítil, of mörg, of dýrt að ferðast, of mikið að gera hjá okkur foreldrunum og svo framvegis. Hindranir úti um allt, en ég gróf upp gömlu gildin og síðan í mars 2018 erum við búin að fara til 16 landa á 16 vikum í þrem ferðum.“ Hægt er að fylgjast með ferðum fjölskyldunnar hér.

### Bestu minningarnar tengjast tilfinningum

Undirbúningur fyrstu ferðarinnar tók sinn toll og segir Ágústa þar hafa skipt miklu máli að gera ýmiss konar ráðstafanir. „Við fjármögnum ferðirnar meðal annars með því að leigja út húsið okkar og velja ódýr lönd. Oftast dugir sparnaðurinn í mat og uppihald hér á Íslandi fyrir flugi og gistingu erlendis því Ísland er sjúklega dýrt. Við sjá-

um best í þessum ferðum hvað margt hér er ófjölskylduvænt. Ég neita líka að samþykkja það sem „norm“ að 10 ára stelpur þurfi að fá förðunar- og krem-dagatöl, sem dæmi. Kannski hljóma ég leiðinlega, en líf okkar er í það minnsta mun skemmtilegra og innihaldsríkara núna og í ár verðum við með nokkrar tegundir af dagatölum. Eitt þeirra er 24 bækur sem ég keypti notaðar á nytjamaðkaði og pakkaði inn. Hvern dag í desember munum við svo opna eina og lesa saman, en samtals kostuðu bækurnar 2.400 krónur. Í bunnunum eru líka uppskriftabækur, svo við getum gert bakstur að samverustund, sem og skissubækur svo það er líka hægt að lita og leika sér. Eftir jóla fara svo flestar bækurnar aftur á nytjamaðkaðinn.“

Ég keypti líka jólasveinadagatal sem er hljódbók í 24 köflum frá sysla.is, ég stefni því á að eiga gæðastund með manningum mínum og hlusta með honum á Að breyta fjalli eftir Stefán Jónsson. Sú bók er víst í 20 mínútna köflum og upplagt að skella því á yfir tiltekt, eldamennsku eða bara sitja saman og njóta. Það eru nefnilega þessar stundir sem verða minningar og skipta mestu máli. Sérstaklega hjá börnunum.

Þau muna kannski eftir einhverjum stórum og flottum gjöfum seinna meir, en bestu minningarnar tengjast oftast andrúmsloftinu og tilfinningunum.“

### Mikilvægt að dreifa ábyrgð og álagi á alla

Annað markmið sem fjölskyldan einsetti sér er að stunda útivist allt árið um kring. Ágústa segir það ganga upp og ofan, en það sé gott að fá spark í rassinn á adventunni. „Við reynum að fara sem mest með kakó eða súpu á brúsa í skógræktina, förum í leiðangra í náttúrunni, horfum á norðurljós og stjörnur, en svo förum við líka með súpupottinn út í garð og borðum heita súpu í kuldanum. Þegar ég spurði fimm ára son okkar hvað hann vildi gera í desember sagðist hann vilja fara í sund og gera snjókarla. Þetta er ekki flókið. Það þarf bara að vera samvera með óskipta athygli á núinu.“

„Það er algeng gildra að foreldrar, sérstaklega mæður, ætli að stjórna öllu, gera gott fyrir alla, búa til skipulag og samverudagatöl og gleða alla en gleyma sjálfri sér, verða svo vonsviknar og pirraðar ef börn, maki eða aðrir sýna ekki ofsalegt þakklæti og eru ekki alltaf í tipptopp formi til að taka þátt í öllu. Þetta er algjör óþarfi og má dreifa þessari ábyrgð og álagi á alla. Því gerði ég eitt til að létta á ábyrgðinni og álaginu á mér sjálfri; ég bað alla í fjölskyldunni að skrifa óskalista, ekki þarfalista, heldur óskalista yfir það sem væri gaman að gera. Yngri tveir fengu aðstoð við skriftirnar en komu með góðar hugmyndir. Og nú er ég komin með gagnagrunn bíómynda, þátta, bóka, mat, kökur og kræsingar, upplifun og gjafir. Þannig að nú geta þau bara eldað það sem þau vilja og það verður fljótlegt að finna bíómyndir í stað þess að rúlla fram og til baka á „vodinu“ endalaust og finna ekkert sem hentar öllum. Það skiptir líka máli að sumt hentar ekki öllum og það er allt í lagi, ég hlakka jafn mikið til að eiga gæðastund með sjálfri mér; að borða eitthvað sem mér finnst gott og horfa á eitthvað sem mér finnst skemmtilegt á meðan hinir gera sitt, eins og eiga þessar stundir með allri fjölskyldunni, eða bara makanum. Taka bara stöðuna á hverjum og einum einstaklingi og dagsformið eins og það er – ekki eins og ég sé fyrir mér eða vonaði. Það leiðir pottþétt til pirrings og vonbrigða. Það er nefnilega auðveldara að segja „slakaðu á og njóttu“ og vertu í núinu en að raunverulega gera það.“ ■



# SUNDLAUGIN LAUGASKARÐI

*Thermal pool*

## Jólastemning

Notalegir laugardagar og jólastemning verða 30. nóv., 7., 14. og 21. des.

Laugin verður sérstaklega hituð. Boðið verður uppá epsom salt og ilmkjarnaolíur í gufunni, saltvatn í kalda karinu, jólalög og vísur í heitu pottunum.

## Opnunartími yfir jólin Christmas opening:

Þorláksmessa 23. des. kl. 06:45 – 20:30

Aðfangadagur 24. des. kl. 09:00 - 12:00

Jóladagur 25. des. Lokað - *closed*

2. jóladag 26. des. Lokað - *closed*

Gamlársdagur 31. des. kl. 09:00 - 12:00

Nýársdagur 1. janúar. Lokað - *closed*



HVERAGERÐISBÆR



# Ef jólasveinarnir þrettán

Íslensku jólasveinarnir sem við þekkjum í dag eru þrettán talsins. Þeir eru af kyni trölla og voru upphaflega barnafætur. Þeir eru synir þeirra allra verstu illvætta sem til eru á Íslandi, Grýlu og Leppalúða. Hugmyndir um útlit jólasveinanna hefur verið breytilegt í gegnum aldirnar. Í fyrstu eru þeir taldir tröllum líkir, en bræðurnir þrettán eru öldungis óskyldir hinum alþjóðlega rauðklædda Santa Claus sem er kominn af dýrtingnum Nikuláasi biskupi, verndara barna og sæfarenda í kaþólskum sið.

Útlit þessara sveinabræðra hefur þó í gegnum aldirnar fengið á sig ýmsar myndir og vaknar grunur um að raunverulegir jólasveinar séu á meðal okkar í hinu daglega lífi. Jólasveinar eru ekki að störfum allan ársins hring og er þá undir Fókus komið að afhjúpa fræg gervi þeirra einstaklinga sem hér má sjá, sem eru allir frægir fyrir.



## Stekkjastaur

Sigurjón Kjartansson gegnir því hlutverki að koma fyrstur til byggða. Þótt segjast verði að staurfætturna vanti er ýmislegt sem annar Tvíhöfðanna á sameiginlegt með Stekkjastaur; hann er langur í vaxtarlagi, stinnur eins og tré, og hrekkjalómur með meiru. Það er hann Sigurjón.



## Stúfur

Eins og nafnið gefur til kynna er Stúfur minnstur jólasveinanna. Hann stalst í matarleifarnar sem eftir urðu á pönnunum. Gísli Marteinn Baldursson er fingerður, lágvaxinn og með viðkunnlegt andlit sem aldrei eldist. Þá er aðeins að sjá hvort hann hafi stolist í einhverjar pönnur á dögnum.



## Giljagaur

Giljagaur er þekktur fyrir að hafa falið sig reglulega í básum og stolið froðunni af fjósakonum, sem áttu síðar von á fundi með fjósamönnum. Hæfileiki þessi er vissulega ætlaður þeim mönnum sem eru kenndir við sjarma og kvennafans, en fyrst hann Fjölur hefur Kryddþjú á ferilsskránni er hann líklegur til alls. Fyrirmyndar Giljagaur, með öðrum orðum.



## Þvörusleikir

Þvörusleiki þykir afskaplega gott að sleikja þvöru og stelst hann inn í hvert eldhús á hraða eldingar. Það sem einkennir þennan karakter er annars vegar hvað hann er fjarskalega mjór og hins vegar sleipu hendurnar. Upp í hugann kemur leikarinn Jörundur Ragnarsson, sem þykir bæði grannur og sleipur í ýmsu. Þó skulum við gefa honum tækifæri til að sanna kænsku sína undir jólasveinahúfunni, því í augnablikinu er hann einungis starfsmaður á plani.

## HAGBLIKK

Brotna ekki


Ryðga ekki

## Álpakrennur & niðurföll

Litir á lager:

Svart, hvítt, ólitað, rautt, silvurgrátt og dökkgrátt

Smiðjuvegur 4C - 202 Kópavogur - S 587 2202



## Pottaskefill

Þegar börnin fengu skófir barði Pottaskefill dymar á. Við innkomu rauk hann inn og stefndi beint að pottinum. Annaðhvort hefur hann verið svona hungraður eða hann langaði einfaldlega bara að greina einhver DNA úr matnum. Það væri nú Kára Stefánssyni líkt.



# Væru frægir einstaklingar



**Askasleikir**

Sjötti jólasveinninn, Askasleikir, var alveg dæmalaus. Þegar fólkíð setti askana fyrir kött og hund, var hann slunginn að ná þeim og sleikja á ýmsa lund. Þetta köllum við Megas á góðum degi. Ef askarnir eru ekki faldir, er honum að mæta.



**Skyrgámur**



Russell Crowe elskar Skyrið okkar, því fær hann að fljóta með hinum vitleysingunum. Crowe vakti mikla athygli á mjólkurvörðunni þegar hann var staddur á Íslandi við tökur á stórmyndinni Noah árið 2012. Sagði hann svo á Twitter að hann væri orðinn vel háður skyri. Þetta steinliggur.



**Gáttapefur**

Ellefti jólasveinninn er Soggi Hall, sá sem aldrei fær kvef. Hann býr yfir heljarstöru nefi og verður léttur eins og reykur þegar lyktina af góðu laufabrauði finnur. Þú kemst heldur ekki langt í veitingageiranum án þess að nefið og bragðlaukarnir standi fyrir sínu.



**Bjúgnakrækir**

Á eldhúsbíta sat hann Bjúgnakrækir í sóti og reykt og át þar hangid bjúga sem engan sveik. Við leyfum okkur að ætla að sambærilegan áhuga á bjúgum megi rekja til grínarans Steinda Jr. Að hans sögn eru að hámarki fjórir bitar á bak við eina pylsu. Trúlega gæti hann þá slátrað bjúgum á sambærilegum hraða ef sósan væri rétt.



**Ketkrókur**

Um ár hvert kemur Ketkrókur á Þorláksmessu til bæja í þeim tilgangi að ná sér í hangikjötslæri. Hann þræmmar dátt og hann ýmist upp á sitt lag, en hvaða stórsniðuga jólarétt hann Jói Fel matreiðir síðan úr þessum lærissneiðum er aðeins eitthvað sem hann getur til um sagt. Ef giska má verður hangikjötið sennilega penslað og hægeldað með glæsibrag.



**Hurðaskellir**

Bjarni Benediktsson ber sig að jafnaði með stóískri ró sem aðeins reyndir stjórnálamenn hafa náð fullkomnum tökum á. Þó koma af og til upp tilfelli þar sem hefur fokið í manninn, núna síðast þegar hann var sakaður um lögbrót á Alþingi. Auk þess þótti Hurðaskellir svolítið klúr, og fer þá ekki á milli mála að IceHot1 taki við þessari sveinkahúfu með hómor og sjálfsmeðvitund.



**Gluggagægir**

Þegar kemur að listinni að vera grályndur að sjá á meðan skoðað er á bak við lokaðan glugga, er einn Íslendingur sem ber höfuð og herðar yfir aðra valmöguleika. Á hinna víðfrægu ljósmynd þar sem Vigdís Hauksdóttir horfir með sorgarsvip á trylltan íslenskan lýðinn fyrir utan Alþingi má segja að stjórnáalakonan hafi komið sér í þrýðilega æfingu fyrir þann jólasvein sem flestum bregður við að sjá á stjái.



**Kertasníkir**

Til gamans má geta þess að skemmtikrafturinn Sveppi hefur gætt sér á óteljandi ógeðsdrykkjum og margvíslegum matartengdum áskorunum í þágu skemmtunar. Því má gera ráð fyrir að kerti ættu ekki að vera bragðlaukum þessa manns ofviða, en þjóðin veit sömuleiðis öll að maðurinn kann að skemmta krökkum og fær Sveppi þar af leiðandi heiðurinn á því að hringja inn jólin á aðfangadegi.



# Spáði stjörnuunnar

## Lesið í tarot Svanhildar

# Stormsveipurinn á RÚV

Samsæriskeningasmiðir halda því stöðugt fram að Svanhildur Hólm verði næsti útvarpsstjóri, að það sé í raun löngu ákveðið. Svanhildur hefur verið hægri hönd Bjarna Benediktssonar fjármálaráðherra síðustu ár og því fannst DV tilvalið að lesa í tarotspil Svanhildar. Lesendum DV er bent á að þeir geti sjálfir dregið tarotspil á vef DV.

### Kenningarnar sannar

Fyrsta spilið sem birtist hjá Svanhildi er Sólin. Úr því má lesa að samsæriskeningarnar eru réttar – hún verður útvarpsstjóri og hún mun öðlast það vald sem hún sækist eftir. Gleði einkennir líf hennar og hún nýtur mikillar blessunar. Hún hefur lagt hart að sér síðustu ár, enda með

eindæmum metnaðargjörm, og þótt hana hafi oft langað til að gefast upp þá hefur hún nú loks erindi sem erfiði. Sólin segir ekki aðeins til um veltgengni Svanhildar í starfi heldur lætur hún einnig aðra drauma verða að veruleika innan tíðar. Hamingja, spennna og velferð ein-kenna Svanhildi og verkefni hennar, sem virðast gefa henni mikið.

### Hraði og álag

Næst er það 4 sverð. Svanhildur er undir miklu álagi í núverandi vinnu og nær að halda mörgum boltum á lofti með skipulagi, krafti og óbilandi dugnaði. Hins vegar er henni nú ráðlagt að hvíla sig áður en hún tekur við einni valdamestu stöðu landsins. Hún þarf að hlusta betur á líkamann og vita hvenær hún á að gefa eftir og huga betur að heilsunni. Líf hennar einkennist af hraða en hún verður að gefa sér tíma fyrir fjölskylduna og sínar eigin þarfir. Núna er tíminn því hún kemst ekki í gott og langt frí í bráð.



### Stormsveipur

Svo er það Hangandi maður sem rekur lestina. Svanhildur virðist vera reiðubúin til að leggja sig fram af alhug þegar kemur að verkefni sem hún stendur frammi fyrir, stöðu útvarpsstjóra. Hún vill samt fyrst og fremst klára þá vinnu sem hún hefur haldið utan um í fjármálaráðuneytinu, hratt og örugglega fyrst, svo hún geti gengið glöð inn í útvarpshúsið. Hún má samt búa sig undir að fólkið í kringum hana muni telja að hún sé að þessu fyrir peningana – ekki af hugsjón. En Svanhildur veit sannleikann og lætur neikvæðisráddir sem vind um eyru þjóta. Hún kemur sem stormsveipur inn í útvarpshúsið og kemur þónokkrum í uppnám með ákveðni sinni og hreinskilni. ■



# Geisla á sviðinu – Svona eiga þau saman

Dansarinn Jón Eyþór Gottskálksson og athafnakonan Manuela Ósk Harðardóttir hafa náð góðum árangri í þættinum Allir geta dansað. Sögusagnir hafa farið á kreik um að þau væru í ástarsambandi, sem þau hafa staðfestlega neitað, en DV ákvað engu að síður að kanna hvernig þau eiga saman, svona ef þau rugla saman reytnum.

Jón er hrútur en Manuela er meyja, afar ólík merki. Svo ólík að við fyrstu kynni finnst þeim þau ekki eiga nokkurn skapaðan hlut sameiginlegan. Jafnframt finnst þeim þau ekki geta lært neitt af hvort öðru. Stál í stál, með öðrum orðum.

Þetta samband þarf tíma til að þróast, enda um algjör andstæður að ræða. Hrúturinn er aggressívur og djarfur, hoppar í ný verkefni stans-

laust og er óþolinmóður með eindæmum. Meyjan er hins vegar með auga fyrir smáatriðum og hæglát, jafnvel feimin. Meyjan vinnur að langtíma-markmiðum á meðan hrúturinn vill skammtímagigg. Þessi mikli munur á merkjunum getur hins vegar kennt báðum merkjum að líta betur undir yfirborðið, meira en þau hafa áður gert í ástarsamböndum.

Um leið og hrúturinn og meyjan hætta að einblína á galla í fari hvort annars verður sambandið sterkara. Þau geta kennt hvort öðru æði margt, ef þau taka upplýsta ákvörðun um að vilja læra. Ef þau eru ekki tilbúin til þess að ganga inn í sambandið á þeim forsendum munu þau ávallt einblína á gallana og það sem betur mætti fara í staðinn fyrir að opna hjartað fyrir nýjum áskorunum – nýjum heimi. ■



**Manuela**  
Fædd: 29. ágúst 1983  
**Meyja**  
■ tryg  
■ ljúf  
■ vinnusöm  
■ hagsýn  
■ feimin  
■ ofgagnrýnin

**Jón**  
Fæddur: 6. apríl 1989  
**Hrútur**  
■ hugrakkur  
■ ákveðinn  
■ öruggur  
■ áhugasamur  
■ óþolinmóður  
■ skapstór

# Afmælisbörn vikunnar

- **15. desember** Gísli Örn Garðarsson leikari, 46 ára
- **16. desember** Margrét R. Jónasar, föröunarstjóri RÚV, 50 ára
- **17. desember** Jón Kalman Stefánsson rithöfundur, 56 ára
- **18. desember** Vilhjálmur Egilsson stjórnmálamaður, 67 ára
- **19. desember** Sigrún Lilja Guðjónsdóttir athafnakona, 38 ára
- **20. desember** Sunna Borg leikkona, 73 ára
- **21. desember** Hödd Vilhjálmssdóttir almannatengill, 38 ára

# Stjörnuspá vikunnar

## Gildir 15.–21. desember



### Hrútur - 21. mars–19. apríl

Það er búin að vera smá lægð yfir þér síðustu daga, sem er mjög ólíkt þér. Nú verður hins vegar mikil breyting á. Þú ert mikið jólabarn og ferð í undirbúning af fullum krafti. Gjafir skipta þig ekki öllu máli, frekar samvera, stuðlög, matur og skemmtilegheit. Þú veist nefnilega að það er betra að gefa en þiggja.



### Vog - 23. sept.–22. október

Þú hefur unnið marga sigra í gegnum tíðina og ert komin/n á stað sem þér líður vel á. Þú ert hrókur alls fagnaðar og langar að halda hvert jólaboðið á fætur öðru til að hafa gaman með fólkinu sem þú elskar. Þú færð gest sem færir þér dásamlegar fréttir sem gera jólin enn gleðilegri.



### Naut - 20. apríl–20. maí

Alveg sama hve mikið er að gera í aðdraganda jóla þá finnur þú ríka þörf fyrir að taka frá tíma fyrir ástarlífið. Lofuð naut þurfa mikinn tíma með maka sínum, undir sæng að gera eitthvað sem kemur engum öðrum við. Rómantikinn er í hámarki en einnig dýrseðlið. Einhleyp naut kæra sig lítið um stefnumót og einbeita sér að því að líða vel með sér sjálfum.



### Sporðreki -

23. október–21. nóvember

Þú þarft aðeins að líta á heildarmyndina og sjá hvað er mikilvægast. Þú ert komin/n með það svo á heilann hvernig annað fólk sér þig að það er farið að hafa slæm áhrif á þig. Þú ert líka með þráhyggju yfir að vita hvað lífið ber næst í skauti sér. Slappaðu af! Njóttu! Finndu leiðir til að byggja upp sjálfsöryggið og hættu að spá í hvað öðrum finnst!



### Tvíburi - 21. maí–21. júní

Sjálfstraust umlykur þig og þú hefur sjaldan verið sáttari í eigin skinni. Þú hefur litid yfir farinn veg og endurmetid líf þitt, ákvörðun sem þú átt ekki eftir að iðrast. Þú sérd loks ljósið við enda ganganna eftir mjög erfiðan tíma, tilfinningalega. Þetta ljós færir með sér óvæntan ágóða í vinnu og fallegar stundir með ástvinum.



### Bogmaður -

22. nóvember–21. desember

Það eru miklar umbreytingar í þínu lífi og þú kannt illa við það. Þú vilt hafa stjórn og þú vilt hafa mikla reglu í kringum þig. Nú er spilaborgin að falla og þú þarft að taka ákvörðun – ætlar þú að falla með henni niður í eynd og volæði eða ætlar þú að taka ábyrgð á eigin lífi og gera eitthvað uppbyggilegt með það?



### Krabbi - 22. júní–22. júlí

Það gæti verið sniðugt fyrir þig að finna leiðir til að hvetja þig áfram, því þú virðist ekki vera fær um það þessa dagana. Til eru mörg smáforrit sem minna mann á allan fjandann, hvort sem það er að drekka meira vatn, sofa betur eða hreyfa sig. Kynntu þér það og settu heilsuna í fyrsta, annað og þriðja sæti.



### Steingeit -

22. desember–19. janúar

Ekki bæla niður tilfinningar þínar. Þú ert meyr um þessar mundir og þú mátt alveg vera það. Jólin kalla fram það besta í þér en rifja einnig upp sárar minningar og ýfa upp gömul sár. Það er allt í lagi, svo lengi sem þú lokar ekki á þessar minningar. Það er hollt að finna til, en það er líka mikið þroskamerki að kunna að takast á við sársaukann.



### Ljón - 23. júlí–22. ágúst

Jólabarnið þú er á yfirsýningu síðustu dagana fyrir jól. Þig langar að skreyta allan heiminn og jólaskap þitt er smitandi. Hjá mörgum hangir dökkur skuggi yfir jóluðum og þó að þessi skuggi tengist ekki þinni fjölskyldu þá finnur þú fyrir honum á heimilinu. Ekki láta þennan skugga skyggja á þín gleðilegu jól.



### Vatnsberi -

20. janúar–18. febrúar

Höfuð þitt er fullt af hugmyndum. Sumar eru ansi flippaðar og þú hefur algjörlega talið þær eiga heima í höfðinu, en ekki í raunheimi. Í þessari viku kemur hins vegar manneskja inn í líf þitt sem telur allar þínar villtustu hugmyndir framkvæmlega. En spennandi!



### Meyja - 23. ágúst–22. sept.

Líf þitt einkennist af miklum hraða og álagi og þú ert farin/n að missa sífellt fleiri bolta. Þú þarft tíma fyrir þig og aðeins þig. Þú þarft tíma til að sinna þér almennilega og gera það sem þér finnst skemmtilegast að gera. Kíktu líka á dagatalið þitt og athugaðu hvort það sé einhver viðburður væntanlegur sem myndi henta afar vel fyrir vinnuhópinn þinn.



### Fiskur - 19. febrúar–20. mars

Vinna, vinna, vinna. Líf þitt snýst um vinnuna. Þú verður að fara að skilja að það er svo margt annað þarna úti sem er vert að dýfa sér í. Þér gengur vel í vinnunni og þú ert búin/n að klífa metorðastigann. Það virðist samt ekki vera nóg fyrir þig. Finnst þér það ekkert bogið? Ef ekki, þá ertu á virkilega vöndum stað og þarft að skoða þín mál.



# GEFÐU ÞEIM SEM ÞÉR ÞYKIR VÆNT UM TÍMA UM **JÓLIN**



ARC-TIC ICELAND RETRO ÚRIN FRÁ GILBERT ÚRSMÍÐ ERU  
GLÆSILEG GÆÐA ÚR Á GÓÐU VERÐI FYRIR BÆÐI DÖMUR OG HERRA.

HJÁ GILBERT ÚRSMÍÐ SÉRHÆFUM VIÐ OKKUR Í ÚRSMÍÐI, HÖNNUN OG  
FRAMLEIÐSLU ÚRA OG HEFUR ÚRVALIÐ ALDREI VERIÐ MEIRA EN NÚ.

RETRO ÚR MEÐ LEDURÓL  
**29.900,-**

RETRO ÚR MEÐ STÁLÓL  
**34.900,-**



RETRO ÚR MEÐ LEDURÓL  
**29.900,-**



1MT 200 METRA VATNSHELT  
ÚR MEÐ GÚMMÍÓL  
**39.900,-**



**ARC-TIC**  
ICELAND  
[www.arc-tic.is](http://www.arc-tic.is)

**GILBERT**  
ÚRSMÍÐUR  
Laugavegi 62 - sími: 551 4100  
[www.gilbert.is](http://www.gilbert.is)



# Helgarkrossgátan

				→	þátturinn	hrossa- hópur	afkvæmi	svifryk	
				röska					
				egndir					
				þröngvaði					sigti
				suð			4	fiskur	
				til				án afláts mann	
Teikning: Hallór Andri eftir prentun bónnuð	↓	beiskar	ásmegin	krossgátugerð: Bjarni sími: 845.2510	ræfil	veifa			
brask				8	api			útlímir	
trjákvöða			forað tré	5		næring fífl			
tautar					fiskar ánægða	6			
2000			lítill spendýr			öskur	bælið	krækja	
þý				gráðuga 2 eins					
fugl			þrek aragrúa			vaggar snarinn			
	↓	veiki fuglinn				spendýr		9 eyktarmark	
fánýti		3		ílátíð skordýr		7			
2 eins			ættföður bilun			tvíhljóði áhalð		líffæri	
húsgagn					ögnin eyddar				
gola				muldri			2 eins	2 kona	
álpast				gjamm kropp		farga			
bólvað						fuglinn			
	drepsótt	mála	plagar		spendýr geta		4 eins	drykkur	
hrjáir						auðlind knæpa			
damp				áttund	1	röska frá		áttund	
bunkar							spíra		
karldýr					þögula				

1	2	3	4	5	6	7	8	9
---	---	---	---	---	---	---	---	---

# Sudoku

## Auðveld

	3		5		4	6	
	4		9		2	1	8
		6			7	5	3
						2	
9	4		7	2		3	
	5	7		3		6	
3	7		4	1	5		2
5	6		9		8	3	4
4					3		5

## Erfið

		2				4	1
			2				6
3			6	5			2
	4	9			7	8	
		1		9		6	
					3		
						2	4
	9		3				
	1			7	5		6

# Verðlaunagáta

**Helgarkrossgátan inniheldur lausnarorð.**  
Lausnarorð skal senda ásamt nafni og símanúmeri á netfangið [krossgata@dv.is](mailto:krossgata@dv.is)




## FORLAGIÐ

Vinningshafli krossgátu síðustu helgar er ...

**Hörður Pálmarrson**  
**Lyngrima 3**

**112 Reykjavík**  
Lausnarorðið var **SÓSUKANNA**  
**Hörður hlýtur að launum bók-  
ina Gamlinginn sem hugsaði  
með sér að hann væri farinn  
að hugsa of mikið**

Vinningsbók er hægt að nálgast á  
skrifstofu DV að Suðurlandsbraut 14,  
108 Reykjavík



**Í verðlaun fyrir gátu helgar-  
blaðsins er bókin Gauksins gal**

Lífið brosir ekki beint við einkaspæjaranum Cormoran Strike; hann er einfættur eftir stríðið í Afganistan, fær engin verkefni, er skuldsettur, sefur á skrifstofunni og kærastan fór frá honum í fússi. Þá birtist John Bristow og vill fá hann til að rannsaka sviplegt andlát systur sinnar, ofurfyrirsætunnar Lulu Landry, sem kölluð var Gaukurinn. Fyrir varir er Strike kominn í félagsskap hinna frægu og ríku, rokkara og hátískuhönnuða, þar sem hver stund snýst um aukna gleði, spennu og háska.

Þú telur þig kannski þekkja einkaspæjara, hvernig þeir vinna, hvernig þeir hegða sér – en Cormoran Strike er öðruvísi. Gauksins gal, fyrsta saga Roberts Galbraith um spæjarann Strike, hafði þegar fengið frábæra dóma þegar upplýst var að á bak við höfundarnafnið var engin önnur en metsöluhöfundurinn J.K. Rowling. Bækurnar hafa notið mikilla vinsælda víða um heim og selst í milljónum eintaka. BBC hefur í samvinnu við HBO gert afar vandada og vinsæla sjónvarpsþætti um Strike. Höfundur: Robert Galbraith (J.K. Rowling), Uggi Jónsson þýddi.





# Kartöflubylting

Ég fór í fjöruferð  
og fékk algjört sjokk.  
Þar sá ég slípirokk,  
sælgætisbréf og smokk.  
Landið ég vernda verði!  
Við mér lausn blasti:  
skerum úr plasti  
í snarhasti.



1000 Ára Sveitapöpp  
í Þykkvabænum ann  
umhverfinu og kann  
að kynna kost annan.  
Við styðjum ekki sorp.  
Stefna okkar er brýn:  
fjaran skal vera fin  
og Frónið skín.

Kartöflur bragðast best  
sem bætur vinna á  
vistkerfanna vá  
og veröld betri þrá.  
Svo kaupu gæðagest,  
þig gullaugað blikkar  
og matseldin ykkar  
ei klikkar.



**HÁKOT, ÞYKKVABÆ,  
851 HELLA.  
SÍMI: 859 6197  
HALLO@1000ARASVEITATHORP.IS**





# ÖRYGGISHNAPPUR SECURITAS

## ÖRYGGI ÖLLUM STUNDUM



Með öryggishnapp Securitas um úlnið eða háls eykur þú öryggi þitt ef eitthvað kemur upp á. Þú býrð við meira öryggi á heimilinu og aðstandendum líður betur að vita af þér í öruggum höndum.

Þú ýtir á hnappinn, boðin berast samstundis til stjórnstöðvar Securitas þar sem þú færð samband við sérþjálfað starfsfólk. Öryggisverðir Securitas með EMR þjálfun eru alltaf á vakt og bregðast hratt og örugglega við.

Hafðu samband við öryggisráðgjafa Securitas í síma 580 7000 og kynntu þér kosti öryggishnappsins og hvaða annan öryggisbúnað hægt er að hafa með honum.

 **SECURITAS**

Sími 580 7000 | [www.securitas.is](http://www.securitas.is)



zonníc®

Virkar á  
1 mínútu



Zonníc pepparmint munnholsúði inniheldur nicotin, 1 mg/úða, og er lyfið notað til meðferðar við tóbaksfíkn. Lesið vandlega upplýsingar á umbúðum og í fylgiseðli fyrir notkun lyfsins. Leitið til læknis eða lyfjafræðings sé þörf á frekari upplýsingum um áhættu og aukaverkanir. Sjá nánari upplýsingar um lyfið á [www.serlyfjaskra.is](http://www.serlyfjaskra.is).



# VIÐBJÓÐSLEGAR VALDAVEIÐAR

■ Rapp hugtakið „clout chaser“ öðlast heimsfrægð ■ Samfélagsmiðlar opna heiminn fyrir óeðli valdaveiðaranna

Lilja Katrín Gunnarsdóttir  
lilja@dv.is



Hugtökinn „clout chaser“ og „clout chasing“ eru eflaust einhverjum framandi sem komnir eru af léttasta skeiði. Í raun mætti þýða þessi hugtök sem valdaveiðar, en skilgreining á hugtakinu „clout chaser“ í Urban Dictionary er: „manneskja sem reynir að nærast á vinsældum annarra í eigin hagnaðarskyni.“ Þar segir enn fremur að fólk sem stundar valdaveiðar slái sig til riddara, láti aðra halda að það sé mikilvægt því það umgangist vissa aðila. Þá eiga þessir valdaveiðarar það til að taka sér skoðanir annarra, sem eru líklegar til að fá góðan hljómgrunn, sem og egna til rifrilda við aðra til að ganga í augun á þeim sem frægir eru.

## Birtingarmynd eineltis

Þótt nafnið á hugtakinu um valdaveiðar sé framandi þá er þetta ekki nýtt undir sólinni. Á árum áður hefði þetta sama fólk geta heitið „grúppíur“ eða „tækifærissinnar“. Hugtakið „clout chasing“ á uppruna sinn í hip hop-senunni, enda mikil völd fylgin í frægð í þeim heimi. Þeir sem hafa einsett sér að elta frægðina í hip hop-bransanum gera það á tvo vegu; hanga með þeim sem eru frægir eða dissa þá sem eru frægir til að hefja sig upp á þeirra kostnað. Það má segja að þessar valdaveiðar séu ein af birtingarmyndum eineltis. Þá hafa mætir menn í tónlistarbransanum kallað þessa valdaveiðara örvæntingarfulla og því ekki eftirsóknarvert að vera valdaveiðari, allavega ekki ef það kemst upp um þig.

## Blóðsugur

Orðið „clout“ er af írskum uppruna og smitadist yfir til Bandaríkjanna um miðja síðustu öld vegna fjölda Íra sem settust þar að. Fyrstu heimildir um að „clout“ merkti einhvers konar yfirburði eiga rætur sínar að rekja til Chicago þar sem „clout“ var notað um pólitísk völd og áhrif.

Í síðari tíð hafa hip hop-arar og rapparar notað þetta hugtak grimmt. Með tilkomu samfélagsmiðla hefur hins vegar opnast nýr og hættulegur heimur fyrir þá sem vilja stunda valdaveiðar og hafa þeir oft en ekki komið sér í klandur með því að stunda fyrrnefndar veiðar. Hugtakið „clout

Aðdáun ekki  
nóg Nú skiptir  
einnig máli að  
veiða sér frægð á  
kostnað annarra.



Tæpitungulaust Snoop Dogg segir hlutina eins og þeir eru. Mynd: Getty Images

chasing“ hefur meira að segja komið fyrir í dómskjölum vestanhafs síðustu mánuði þar sem valdaveiðararnir geta hæglega breyst í eltiðhella. Valdaveiðarnar geta líka farið inn á hættulega braut þegar þeir sem veiða gera hvað sem er til að þóknast þeim

Ekki sáttur Lloyd Banks hugnast ekki valdaveiðar.



ríkju og frægu, jafnvel hvetja til ofbeldis, skemmdarverka eða fremja glæpi sjálft. Þá hafa heimsfrægir tónlistarmenn snúist gegn hugtakinu og fordæmt valdaveiðar opinberlega. Snoop Dogg lýsti til dæmis veiðurunum í viðtali við BET.

„Mér finnst valdaveiðari ekki nógu hryllilegur titill fyrir svona viðbjóðslega hegðun

„Manneskja sem reynir á útsmoginn hátt að tengja sig við velgengni og vinsældir manneskju eða vinsæla tískustrauma til að ná sér í frægð og athygli. Þessi persónuleikaröskun líkist oft einhverjum sem teikar, án þess að að hafa áhyggjur af eyðileggingunni sem fylgir eða sínum eigin heilleika,“ sagði Snoop Dogg og gekk svo langt að kalla þetta fólk blóðsugur og fjárkúgara.

## Slá í gegn

„Clout chasing“ er orðið að heimsfyrirbæri og virðast fjölmargir vera þarna úti sem eru til í að gera hvað sem er, henda öllum prinsippum út um gluggann fyrir frægðina – ekki ólíkt því sem Studmenn sungu um í slagaranum Slá í gegn. Rapparinn Lloyd Banks, sem er alls enginn valdaveiðari, er sammála Snoop Dogg og viðraði skoðanir sínar á „clout chasing“ á Twitter fyrir ekki svo löngu. Virðist hann vera einn af þeim sem telja eðli valdaveiðara gera samfélagið að verri stað.

„Mér finnst valdaveiðari ekki nógu hryllilegur titill fyrir svona viðbjóðslega hegðun. Þetta er farið úr böndunum.“ ■

## TAKTU KRÓK Á LEIÐARENDA

Krókur hf. er fyrirtæki sem að hefur sérhæft sig í flutningum og björun ökutækja. Félagið rekur einnig þjónustumiðstöð fyrir tjónaökutæki þar sem veitt er ahlíða þjónusta í meðhöndlun thónabifreiða og annarra bifreiða samkvæmt óskum viðskiptavina.

### Krókur býður m.a. uppá:

- Starfsmenn sem eru þjálfaðir og reyndir í bíla- og tækjaflutningum
- 24 stunda þjónustu allt árið um kring
- björgunarþjónustu og aðstoð ef bílar bila eða flytja þar þá á verkstæði

Krokur.net / Suðurhraun 3 / 210 Garðarbær

HRINGDU Í SÍMA 522 4600

**KRÓKUR** Á ÞINNI LEIÐ





Iittala er komið  
í Kúnígúnd

ROYAL COPENHAGEN  
ESTABLISHED 1775

Einstök matar-  
og kaffistell í úrvali.

JÓLATILBOÐ

GEORG JENSEN  
ESTABLISHED 1794

7.990  
Manhattan eldhúsrúllustandur  
Áður 9.990

JÓLATILBOÐ

WMF

39.995  
Quality One pottasett  
Áður 54.990

27%  
afsláttur

JÓLATILBOÐ

WÜSTHOF

19.995  
Hnífasett í standi  
Áður 29.990

33%  
afsláttur

JÓLATILBOÐ

GEORG JENSEN  
ESTABLISHED 1794

6.995  
Copenhagen framreiðsluáhöld  
Áður 10.590

ROSENDAHL  
COPENHAGEN

4.980 stk.  
Rosendahl salt- eða piparkvörn

JÓLATILBOÐ

WMF

16.990  
Boston hnífaparasett fyrir sex.  
Áður 19.990

15%  
afsláttur

KAY  
BOJESEN

Glæsilegar víðarstyttur  
og einstök hönnun

# KÚNÍGÚND

sérverslun með vandaðar gjafavörur

Kringlan · Glerártorg · kunigund.is



# YFIRHEYRSLAN

Rithöfundurinn og bókavörðurinn **Kamilla Einarsdóttir** býr í Hlíðunum og elskar að eigin sögn ókeypis bjór, sæt dýr og Hamraborgina í Kópavogi. Kamilla gaf út sína fyrstu skáldsögu um síðustu jól en leikrit byggt á bókinni, Kópavogskrónika, verður sýnt í Þjóðleikhúsinu eftir áramót. Kamilla er í yfirheyrslu helgarinnar.

## Hvar líður þér best?

Á Catalinu í Kópavogi eða í sófanum heima með bók og kisanum mínum. Undanfarið hef ég gert rispu í að kynna mér sportbari í Reykjavík þrátt fyrir almennt áhugaleysi á íþróttum. Ég er alltaf að reyna að halda með einhverjum liðum en gleymi jafnóðum hvaða lið er mitt og fer að halda með „línudómurinum“ eða þeim sem eru í fyndnustu búningunum.

## Hvert er þitt mesta afrek?

Það var að ganga skítþunn upp og niður eitthvert fjall sem heitir Stóra Jarlhetta. Ég hélt því fram að mér þætti fjallgöngur skemmtilegar, en það var bara vegna þess að ég hafði aldrei farið í neina. Hálf leið upp fjallið mundi ég að ég er lofthædd kyrrsetumanneskja sem hef álíka gaman af því að vera úti í náttúrunni og að fá alvarlegar sýkingar. Það var ekkert síma-samband svo það þýddi ekkert að panta þylu svo ég varð bara að klára þetta. Eftir þetta læt ég duga að kíkja á Youtube eða Netflix ef mig langar í einhverja náttúru.

## Hver væri titillinn á ævisögu þinni?

Mamma grét, myndi hún heita. Það hefur oft átt við og svo er það bara svo gott lag að ég og systir mín, Júlía Margrét, og frænku-vinkona okkar, hún Kristín Svava, förum og létum stoltar tattúvera það á okkur. Fáir utan Hafnarfjarðar deila þessari aðdáun með okkur en boðskapurinn er mjög fallegur.

## Hvernig væri bjórin Kamilla?

Hann þyrfti að vera frekar glær og ókeypis til að ég myndi fila hann, en taugatrekkjandi og óútreiknanlegur ef hann ætti að vera í stíl við mig.

## Besta ráð sem þú hefur fengið?

Það er úr ljóðabók Óskars Árna Óskarssonar, Fjörtíu ný og gömul ráð við hversdagslegum upptökum, og er svona: „Stundum kemur fjarskyldur ættingi frá Kanada óvænt í heim-sókn. Þá er ráð að hjóla suður í Hafnarfjörð“.

## Hvert er leiðinlegasta húsverkið?

Ég hef svo lítið kynnt mér það hobbí, ég læt þetta meira bara svona reka á reiðanum heima hjá mér. Þegar ég fer að sinna húsverkum af einhverri alvöru skal mynda ég mér skoðun á þeim.

## Besta bíómynd allra tíma?

Terminator 2 verður aldrei toppuð.

## Hvaða hæfileika myndir þú vilja búa yfir?

Mér þætti æðislegt að geta ferðast meira út í geim og um tímann. Ég er vitlaus í geimverur, kastala og risaeðlur. Af praktiskari hæfileikum þá væri fint að kunna að elda eitthvað. Ég kann varla að rista brauð, en sem betur fer finnst mér fullt af morgunkorni mjög gott.

## Hver er mesta áhætta sem þú hefur tekið?

Ef ég er feimin og lítil í mér þá rennsvitna ég við að heilsa fólki og efast á meðan um hvort ég muni lifa það af. En oft er ég samt svo hvatvís að ég gæti gengið skjálfandi frá því að segja hæ við einhvern beint inn í næsta herbergi og framið þar afbrot eða hræðilegt glæfratafl án þess að finnast það vera nokkur áhætta. Ég hef gert margt heimskulegt, en tóri enn.

## Hvaða frasi eða orð fer mest í taugarnar á þér?

Það er mjög breytilegt. Í augnablikinu hef ég algjöran ímígust á því þegar stjórnmálamenn tala um „vegferð“.

## Hvaða geturðu sjaldnast staðist eða ert góð í að réttlæta að veita þér?

Mér er frekar sama um flesta dauða hluti eins og föt, græjur og mublur. En ég læt oft eftir mér alls konar upplifun eins og mat, tónleika og ferðalög. Ég geri þetta jafnvel oftar en ég ætti að gera svona miðað við fjárhag og skyldur í lífinu. Mun samt halda því áfram.

## Hvað er á döfinni hjá þér?

Núna í desember ætla ég að halda áfram að njóta þess að lesa allar nýju, skemmtilegu bækurnar sem eru að koma út núna. Í janúar ætla ég að halda upp á afmælið mitt í bænum Bruges í Belgíu, því Elín, vinkona mín, sagði að þar væri ekkert nema miðaldaleg hús, síki og bjórar. Svo í mars verður frumsýnt leikrit í Þjóðleikhúsinu sem er byggt á bókinni minni: Kópavogskróniku, sem Silja Hauksdóttir mun leikstýra, Ilmur Kristjánsdóttir leika aðalhlutverkið í og tónlistarmaðurinn Auður sjá um tónlistina. Ég hlakka mikið til að sjá það og mæta í frumsýningar-partíð.



Íris Hauksdóttir  
iris@dv.is

MYND: EYDÓR ÁRNASON

Ég er 25 ára gaur sem vill  
kynnast konu á svipuðum  
aldri. Er með blæti fyrir  
fallegru hönnun og útiveru.  
Trúnaður í fyrirrúmi og stóla  
á það sé gagnkvæmt.

nánar á [einkamal.is](https://einkamal.is)





# Hagnýtt 100% fjarnám fyrir stjórnendur og millistjórnendur

Stjórnendanám Stjórnendafræðslunnar er hagnýtt  
nám, sniðið að þörfum vinnumarkaðarins.

Við viljum efla stjórnendur og millistjórnendur í þeirra starfi, færa þeim fleiri verkæri til að takast á við þær áskoranir sem birtast þeim í starfi. Á sama tíma vitum við líka að það er ekki á allra færi að setjast aftur á skólabekk. Þar af leiðandi byggðum við námið upp í 100% fjarnámi, sniðið að þínum þörfum. Nemendur takast á við verkefni beintengd þeirra vinnustað og því má segja að ákveðin úttekt eigi sér stað á fyrirtækinu/stofnuninni á sama tíma og nemendur vinna sín verkefni.

Engar forkröfur um fyrra nám, eina sem við viljum  
er að þú hafir vilja til að efla þig í starfi.

*Lota 1 hefst 5. janúar, snemmskráningaafsláttur til 15. desember.*

Meira inn á [stjornendanam.is](http://stjornendanam.is)



# Preyttir á afbökun goðafræðinnar

**M**yndasagan Vargöld vakti mikla athygli við útgáfu hennar árið 2016 en þar er norrænni goðafræði stillt upp á bæði nýstárlegan og sígildan máta. Bókin, sem er teiknuð skáldsaga (e. graphic novel), var tilnefnd til Íslensku bókmenntaverðlaunanna þess árs í flokki barna- og ungmennabóka og er ætluð fólki 15 ára og eldri. Sagan fjallar í grunninn um goð og menn á heiðnum tíma sem teygir sig um marga heima, frá upphafi veraldar til endaloka hennar.

Vargöld kemur úr smiðju þeirra Þórhalls Arnórssonar, Jóns Páls Halldórssonar og Andra Sveinssonar og hefur lengi verið draumaverkefni þeirra. Nýlega var gefin út önnur bókin í seríunni en þremmingarnir stefna að því að gefa út þrileik. Myndlistarmaðurinn og tattúmeistarinn Jón Páll er teiknari sagnanna, en hann er búsettur í Barcelona. Hann segir þá þremminga hafa verið staðráðna í að segja söguna á réttan hátt, að hans sögn, án þess að tekið væri of mikið listrænt leyfi með efnistökin.

„Það má segja að við höfum verið orðnir þreyttir á afbökun á norrænu goðafræðinni og túlkun sem hefur lítið með hana að gera,“ segir Jón Páll og vísar meðal annars í Marvel-hetjuna Þór og íslensku teiknimyndina Hetjur Valhallar.

„Þessar sögur úr goðafræðinni eru einfaldlega svo skemmtilegar og magnaðar. Það er eitthvað svo frábært við þessar hetjur, þessar ofurhetjur í raun, og hvað þær eru breyskar og kostulegar,“ segir hann. „Þessar miklu hetjur eru mannlegar og skemmtilega gallaðar. Ragnarök verða í raun til út af mistökum goðanna. Til dæmis þá fremja þeir fyrsta morðið á helgri jörðu. Þeir gera alla þessa hluti sem þeir banna sjálfir. Það er allt við þessar persónur sem heillar með ýmsum hætti.“



Fagmenn Jón Páll ásamt Jörmundi Hansen allsherjargoða í útgáfuhöf.

## Fagurt félag

**F**egurðardrottningin Fanney Ingvarsdóttir hefur stofnað hlutafélagið Studios ehf. ásamt vinkonum sínum, þeim Þórhildi Gunnarsdóttur og Sólreyju Þorsteinsdóttur. Sú síðastnefnda rekur skartgripaverslunina My Letra, en Fanney hefur hannað sína eigin línu sem seld er hjá My Letra. Tilgangur Studios ehf. er meðal annars innflutningur, smá- og heildsala með ýmsar smávörur og annar skyldur rekstur.



## Heiðdís mætti ekki fyrir dómara

**M**ikil ólga hefur einkennt sambandsslit förðunarfræðingsins Heiðdísar Rósar Reynisdóttur og athafnasmannsins Farzads Sepahifar. Sepahifar kærði Heiðdís fyrir líkamsárás í haust. Þá var hann kominn með tímabundið nálgunarbann gegn henni og stóð til að mæta fyrir dómara þann 20. nóvember. Samkvæmt heimildum DV mætti Heiðdís ekki fyrir dómara og var ný dagsetning sett þann 13. desember. Haft er eftir Heiðdís að auðvelt sé að fá nálgunarbann í Bandaríkjunum og taldi hún líklegt að tilgangur bannsins væri að koma í veg fyrir að hún gæti sótt eigur sínar til hans. Að sögn Sepahifar hefur hann ítrekað reynt að koma eigum hennar frá sér án árangurs.



Þetta eru nú bara mýtur!

Loki

**BYKO**

# JÓLA-FJÖR

**20-50% afsláttur**  
af allri jólavöru

Pottar & pönnur  
**25% afsláttur**

Ljós & perur  
**25% afsláttur**

Rafmagns-  
verkfæri  
**20% afsláttur**

Leikföng,  
spil & púsl  
**25% afsláttur**

# BYKO

GERUM ÞETTA SAMAN

Auðvelt að versla á byko.is